

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson skrifar um blautar brækur og þvagleka kvenna og karla. 15



**MENNING** Sigríður Elva tók upp sjónvarpsþáttaseríu með barn á brjósti en serían hefur göngu sína í kvöld. 38



**SPORT** Heimir Hallgrímsson verður aðallandsliðsþjálfari karlalandsliðsins ásamt Lars Lagerbäck. 34







# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
26. nóvember 2013
278. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Síldarfælan gangsett**
Hljóð frá háhyrningum að éta síld verða spiluð í Kolgrafafirði til að freista þess að reka síldina út. Smábátar munu áfram fá að veiða inni í firðinum. 2

**Svigrúmið lítið** Viðræðunefndir SA og ASÍ hittust á óformlegum fundi í gær. Þær eru sammála um að svigrúm til launahækkana er lítið. 4

**Skattaafsláttur úr landi** Íslenskir ökumenn munu ekki njóta skattaafsláttar af vistvænu eldsneyti. 10

**Þrælahaldarar maóistar** Breska lögreglan kannar tengsl við þrælahaldara í London á þrettán stöðum í borginni. 12




14

| | | |
|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | SV 15 |
| Akureyri | 10° | SV 11 |
| Egilsstaðir | 9° | SV 10 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | SV 10 |
| Reykjavík | 10° | SV 15 |

**HVASSVIÐRI** Í dag verður víða suðvestan hvassviðri eða stormur með úrkomu en úrkomulítið A-til. Hiti yfirleitt á bilinu 4-12 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Bílar | Fólk




# Traðka Laugaveginn í svaðið

Göngustígar í Þórsmörk og á nálægum svæðum eru að töluverðum hluta í afleitu ástandi. Innspýtingu fjármagns þarf ef mögulegt á að vera að snúa þróuninni við. Takmarka þarf fjölda ferðamanna og stýra umferð.

**NÁTTÚRA** Könnun á ástandi göngustígakerfisins í Þórsmörk leiddi í ljós að 30 prósent göngustíga á svæðinu væru í slæmu eða afleitu ástandi. Engar nákvæmar tölur eru um fjölda ferðamanna sem ganga á milli Þórsmerkur og Landmannalauga, Laugaveginn svokallaða, en giskað er á 75 til 100 þúsund manns. Ljóst þykir að fjöldatakmarkanir séu nauðsynlegar.

Nýbirt er grein Rannveigar Ólafsdóttur, dósents við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, og Micaels C. Runnström hjá Háskólanum í Lundi, í tímaritinu Journal of Outdoor Recreation and Tourism, þar sem þessi er niðurstaðan um ástand göngustíganna. Augljóslega er sá fjöldi ferðamanna sem fara um einstök svæði sá þáttur sem helst ber að líta til. Því er ein tillagan, sem sett er fram í greininni, að flæði ferðamanna um viðkvæmustu svæðin verði stýrt og takmarka þurfi fjölda þeirra.

Hermann Valsson er leiðsögumaður og fyrrverandi skálavörður á Fimmvörðuhálsi. Hann hefur í tvo áratugi leitt fólk um Þórsmörk og svæðin í kring. Hann segir stöðuna dapurlega.

Hermann segir að allir vilji njóta hagnaðarins en „enginn vill klæða og fæða barnið. Ráðherra ferðamála [Ragnheiður Elín Árnadóttir] ræddi síðast um það í þætti Gísla Marteins á sunnudaginn að Laugavegurinn væri í góðu lagi. Eitthvað sem hún hafði eftir einum aðila. Þetta er eins fjarri sanni og hugsast getur. Skýrslan sýnir það svart á hvítu,“ segir Hermann.

Hann segir að það fjármagn, sem sett hefur verið í að byggja upp innviði í Þórsmörk og á nærsvæðum, séu smámunir einir miðað við það sem þarf til. Hann telur að 80 til 120 milljónir væru góð byrjun.

„Vinir Þórsmerkur og Skógræktin hafa unnið gott starf, en skemmdirnar eru svo rosalegar. Það verður að meta hvað Laugavegurinn þolir, og sama á við um Fimmvörðuháls. Afrakstursgeta þessara tveggja svæða, eins og við værum að tala um fiskistofn, er sprungin. Það er vitað, en það þorir enginn að viðurkenna þá staðreynd og grípa til nauðsynlegra aðgerða,“ segir Hermann.

- shá / sjá síðu 6



> Vinir Þórsmerkur og Skógræktin hafa unnið gott starf, en skemmdirnar eru svo rosalegar.
>
> *Hermann Valsson leiðsögumaður*



**LANGHOLTSSKÓLI SIGRAÐI Í SKREKK** Langholtsskóli bar sigur úr býtum í árlegri hæfileikakeppni grunnskólanemenda í Reykjavík, Skrekk, sem haldin var í Borgarleikhúsinu í gær. Nemendur úr átta skólum sýndu listir sínar en í öðru sæti varð Réttarholtsskóli og í því þriðja varð Hlíðaskóli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allir eiga rétt á að elska:

## Hjartað vann

**REYKJAVÍK** Langholtsskóli fór með sigur af hólmi í Skrekk 2013. Siguratriði skólans nefnist Hjartað og fjallar um hve fáránlegt það sé að fordæma ást, í hvaða formi sem hún birtist. „Allir eiga rétt á að elska sama hvort það er af sama kyni eða gagnstæðu,“ segir á heimasíðu keppninnar.

Sigurvegararnir fengu Skrekkstyttuna afhenta frá Evu Einarsdóttur, formanni ÍTR, sem um leið þakkaði Markúsi Guðmundssyni fyrir að hafa haft umsjón með Skrekk í 20 ár. Nú í ár tóku alls 830 grunnskólanemendur frá 23 skólum þátt í keppninni. Fyrir úrslitakeppnina voru haldnar þrjár undankeppnir þar sem tvö atriði tryggðu sér keppnisrétt á úrslitakvöldinu, en tvö til viðbótar voru valin af dómnefnd.

Auk Langholtsskóla kepptu Fellaskóli, Hagaskóli, Hlíðaskóli, Ingunnarskóli, Laugalækjarskóli, Réttarholtsskóli og Seljaskóli til úrslita. - skó / sjá síðu 8




**STAÐGREIÐUM**
**ALLT GULL, SILFUR, PLATINUM, DEMANTA**
Hringa, hálsmen, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, allt brotagull og nýtt gull.

**3. HÆÐ Í KRINGLUNNI**
**Sími: 661 7000**
KG


Fólk á strax að sjá áhrif skuldaniðurfellingar á eigin hag eftir kynningu:

## Kynna aðgerðir í lok vikunnar

**EFNAHAGSMÁL** Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skuldamálum heimilanna verða kynntar í lok vikunnar. Sérfræðingahópurinn, sem unnið hefur að tillögum um skuldaniðurfærslu, sér um kynninguna ásamt nokkrum fyrirtækjum sem fengin hafa verið til samstarfs við nefndina.

Heimildarmenn Fréttablaðsins segja að boðað verði til kynningarfundar á fimmtudag, föstudag eða laugardag, dagsetningin hafi enn ekki verið ákveðin.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður framsetningin á aðgerðum ríkisstjórnarinnar með þeim hætti að almenningur eigi auðvelt með að kynna sér þær.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra lýsti því yfir í ræðu sinni á fundi miðstjórnar Framsóknarflokksins um síðustu helgi að hann byggist við að kynnt yrði blönduð leið skuldaleiðréttinga og skattalækkana. Þá hefur forsætisráðherra einnig sagt að fólk muni geta reiknað út með verulegri vissu áhrif aðgerðanna á eigin hag. - eb



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**







## SPURNING DAGSINS



Hlín, ertu að synda á móti straumnum?

**„Já, ég er svoddan straumönd."**

Hlín Agnarsdóttir leikstjóri hefur ekki fengið leikrit sitt Oní uppúr tekið til sýninga. Verkið gerist í kvennaklefa í sundlaug.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps ósátt við ákvörðun Vegagerðarinnar:

# Heiðarvegur verði áfram á skrá

**SAMGÖNGUR** Sveitarstjórn Mýrdalshrepps harmar ákvörðun Vegagerðarinnar um að taka veg sem liggur inn í Heiðardal og að Heiðarvatni af vegaskrá. „Þetta er svæði sem fólk fer mikið um," segir Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

Heiðarvatn er stærsta veiðivatn í Mýrdalshreppi, þar er góð silungsveiði og úr því rennur laxveiðiperlan Vatnsá. Ásgeir segir að síðustu ábúendurnir í dalnum, á Litlu-Heiði, hafi flutt lögheimili sitt niður í Vík í fyrrahaust. Þar með uppfylli vegurinn ekki skilyrði til að teljast héraðsvegur sem lagður er að heimilum manna.

„En síðan eru tengivegir Vegagerðarinnar sem liggja að stöðum sem teljast merkilegir. Þetta er til dæmis vegurinn út í Dyrhólaey og að Sólheimajökli. Þannig viljum við fá Vegagerðina til að skilgreina veginn inn í Heiðardal," segir Ásgeir sem kveður umræddan veg vera um þriggja kílómetra langan.

Heiðardalur er í eigu Svisslendingsins Rudolphs Lamprecht. - gar




**VEGVÍSIR Í HEIÐARDAL** Eftir að vegurinn var tekinn af vegaskrá þurfa landeigendur að annast viðhald hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leiðtogi þjóðernissinna:

# Kotleba vann fylkisstjórakjör

**SLÓVAKÍA** Hægri þjóðernissinninn Marian Kotleba sigraði í kosningum til héraðsstjóra Banska Bystrica í Slóvakíu í gær.

Honum hafði ekki verið spáð sigri, en Kotleba er leiðtogi flokks sem heitir Okkar Slóvakía og hefur verið nefndur nýnasistaflokkur.

Hann hefur áður skipulagt mótmælagöngur gegn minnihluta Rómafólks í Slóvakíu og var áður fyrr leiðtogi öfgasamtaka, sem bönnuð hafa verið. - gb



**LJÓSBERAR HEIÐRAÐIR** Konur sem komu að stofnun Kvennalistans voru ljósberar í Ljósagöngu UN Women á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/

Gengu fyrir heimilisfriði á degi gegn kynbundnu ofbeldi:

# Kvennalistakonur báru kyndla

**FÉLAGSMÁL UN Women á Íslandi stóðu fyrir Ljósagöngu á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi í gær. Dagurinn markaði upphaf sextán daga alþjóðaátaks sem að þessu sinni ber yfirskriftina Heimilisfriður.**

**Sérstakir heiðursgestir og ljósberar göngunnar voru konur sem stofnuðu Kvennalistann á sínum tíma. Þannig var starf þeirra í þágu jafnréttis á Íslandi heiðrað.** -skó

Jarðskjálfti í Atlantshafi:

# Stór skjálfti við Falklandseyjar

**FALKLANDSEYJAR, AP** Jarðskjálfti, sem mældist 7 stig varð í Suður-Atlantshafi skammt suðaustur af Falklandseyjum í gær. Á undan stóra skjálftanum höfðu komið fjórir, sem allir mældust meira en 5 stig.

Að sögn bandarísku jarðfræðistofnunarinnar USGS eru skjálftar af þessari stærð frekar sjaldgæfir á þessum slóðum. Á undanförnum fjörutíu árum hafa orðið þar 15 skjálftar, sem mælst hafa 5 stig eða meira.

Þessi skjálfti varð á tíu kílómetra dýpi, um 314 kílómetra suðaustur af Stanley, höfuðborg Falklandseyja. - gb

Reglur um uppruna kjöts:

# Skylt verður að upprunamerkja

**NEYTENDUR** Engar reglur hér á landi skylda upprunamerkingar á kjöti, öðru en nautgripakjöti. Um áramótin 2014/2015 mun reglugerð þó taka gildi hér á landi sem segir til um að skylt verði að upprunamerkja ferskt og fryst svínakjöt, kindakjöt, geitakjöt og alifuglakjöt.

Einnig verður skylt að merkja uppruna aðalhráefnis í vöru ef uppruni þess er annar en uppruni vörunnar. Ef til dæmis merking á kjötbollum segir Ísland, en kjötið er erlent, verður að merkja hver uppruni kjötsins er. Þetta kemur í frétt á vef Matvælastofnunar. - skó

# Síldarfælan komin niður í Kolgrafafjörð

Hljóð frá háhyrningum að éta síld verða spiluð í Kolgrafafirði til að freista þess að reka síldina út. Veiðar smábáta verða leyfðar áfram. Fylgst er stöðugt með súrefnismettun í firðinum. Hafró mælir stærð síldartorfunnar þar inni á næstunni.

**NÁTTÚRA** Hafrannsóknastofnun setti niður sérstakan búnað í Kolgrafafirði í gær sem spilar upptökur af háhyrningum við síldarát. Með þessu freista menn þess að fæla síldina út úr firðinum. Vöktun í innri hluta fjarðarins hefur verið aukin til muna. Smábátar mega veiða innan brúar enn um sinn.

Hópur ráðuneytisstjóra fundaði í gær til að fara yfir ástandið í Kolgrafafirði. Meðal þess sem þar var rætt var möguleiki á að rjúfa þverun fjarðarins og opna hana frekar í því skyni að auka sjóflæði og bæta súrefnisstöðu. Ljóst er að slík framkvæmd mun taka nokkrar vikur og óvíst er hvort hún hefði tilætluð áhrif.

Hafrannsóknastofnun og Vegagerðin hafa unnið að rannsóknum og mati á þessum möguleika í nokkra mánuði og munu senda greinargerð um niðurstöður sínar á næstu dögum.

Komið hefur verið fyrir nettengdum búnaði, þar til gerðri bauju, sem gefur stöðugar upplýsingar um súrefnismettun. Með þessu móti má sjá strax ef hættuástand skapast. Eins var komið fyrir fælibúnaði í gær.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri á Hafrannsóknastofnun, segir að reynt verði að fæla síldina burt með hljóðum frá háhyrningum við síldarát. Þetta sé þekkt aðgerð, sem vert sé að láta reyna á nú.

Hvað varðar súrefnismettun í firðinum þá var hún 70-80% á sunnudag sem er langt frá því að vera krítískt ástand. „Þegar síldin hefur verið að drepast hefur súrefnismettunin farið niður í 20%," segir Þorsteinn og bætir við að samhliða auknum vindi í firðinum í gær aukist súrefnismettunin.



**HÁHYRNINGAR** Látið verður reyna á fælingarmátt háhyrninganna til að reka síld út úr Kolgrafafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Það er því ekki hætta á stórfelldum síldardauða á allra næstu dögum, segir í tilkynningu eftir fund ráðuneytisstjóra í gær. Þekkt er að samspil nokkurra þátta þarf að koma til; þéttleiki síldarinnar og stillt veðurfar, sem orsakar verulegt fall í súrefnismettun eins og varð í fyrra.

Hafrannsóknastofnun mun fara og mæla magn síldar í Kolgrafafirði, en það verður ekki gert fyrr en veðuraðstæður verða ákjósanlegar.

Eins og sagt hefur verið frá hugðust heimamenn koma upp löndunaraðstöðu í Kolgrafafirði.



**„Þegar síldin hefur verið að drepast hefur súrefnismettunin farið niður í 20%.**

*Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun*

Fréttablaðinu skilst að hætt hafi verið við þessi áform.

Eins kom fram á fundinum að veiðar smábáta verða leyfðar áfram, en á fundinum lýstu menn yfir áhyggjum af öryggismálum vegna veiðanna.

svavar@frettabladid.is






Nemendur í MR krefja menntamálaráðherra um aukin framlög til skólans:

# Hundruð MR-inga á fund ráðherra

**MENNTAMÁL** Nemendur Menntaskólans í Reykjavík gengu fylktu liði að menntamálaráðuneytinu í gærdag og afhentu menntamálaráðherra undirskriftalista þar sem aðstöðumun skólans gagnvart öðrum framhaldsskólum er mótmælt.

Í yfirlýsingu þeirra sagði að framlög ríkisins til Menntaskólans í Reykjavík væru mun lægri en til sambærilegra framhaldsskóla og var þess krafist að munurinn yrði leiðréttur í fjárlögum ársins 2014. Menntamálaráðherra tók við undirskriftalistanum og fundaði í kjölfarið með nemendafélögum skólans.

Birna Ketilsdóttir, inspector scholae í MR, telur að rúmlega fimm hundruð nemendur hafi mætt í menntamálaráðuneytið í hádegishléi skólans í gær. Þá hafi nærri allir nemendur skólans skrifað undir yfirlýsinguna, eða tæplega átta hundruð manns.

Á fundi nemendafélaganna með ráðherra voru málefni skólans rædd, „Ráðherra útskýrði að skólanum væri ekki mismunað. Notað sé sama reiknilíkan fyrir alla skóla, en í því séu breytur sem reynist óheppilegar fyrir MR," segir Birna.

„Við komum fram okkar skoðun á málinu og ráðherrann sagðist ætla að fara betur yfir þetta. Boltinn er því hjá þeim núna," segir hún. Birna kveðst stolt af samnemendum sínum sem hafi sýnt mikinn baráttuhug. - eb



**FUNDUÐU** Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra fundaði með fulltrúum nemenda Menntaskólans í Reykjavík.

ENNEMM / SÍA / NM51624







**Sjónvarp Símans hvar og hvenær sem er með nýja appinu**
Nú getur þú horft á RÚV, Stöð 2, Skjáinn og fleiri stöðvar inni á baði, farið á Frelsið heima hjá tengdó og spólað útsendinguna tvo klukkutíma til baka í strætó. Þú gætir jafnvel horft á Meistaradeildina í beinni á bókasafninu og valið úr þúsundum mynda í SkjáBíói hjá tannlækninum.

Það kostar ekkert að nota appið fyrstu þrjá mánuðina en þjónustan kostar 490 kr. á mánuði eftir það.

**Vertu í sterkara sambandi við Sjónvarp Símans með snjalltækjunum þínum!**

Ath. að skilmálar Apple heimila ekki leigu á myndefni með smáforriti í Apple tækjum. Unnt er að leigja myndefni gegnum önnur tæki (Android eða myndlykil) og nálgast síðan efnið í Apple tæki. Sjá nánar um skilmála þjónustunnar á **siminn.is**

Síminn

## SVONA ERUM VIÐ



**1.112** **gjaldþrot voru skráð hér á landi árið 2012.**

**Þeim fækkaði þá um tæp 30% frá árinu áður.**

Flest gjaldþrot voru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

Vertíð hjá Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum lengri vegna góðs tíðarfars:

# Lokaðir markaðir að opnast

**ATVINNULÍFIÐ** Þangslætti hjá Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum er nú lokið á þessari vertíð. Alls voru slegin 14.000 tonn af þara á vertíðinni og framundan næstu mánuði er mjölvinnsla úr hrossaþara.

Öll framleiðsla verksmiðjunnar er seld fyrirfram og er meiri eftirspurn en unnt er að anna. Munu markaðir eins og Japan, Indland og Suður-Afríka, sem lokuðust í kreppunni, vera smám saman að taka við sér á ný.

Í tilkynningu segir Garðar Jónsson, starfandi framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar, að afkoma vertíðarinnar sé vel viðunandi þrátt fyrir að hvorki væri slegið né framleitt mjöl í fjórar vikur í sumar vegna viðhalds. Fjárfest var fyrir nærri 100 milljónir króna í verksmiðjunni á þessu ári. Meðal annars var keyptur nýr stjórnbúnaður og rafkerfi endurnýjað. Þá var fjárfest í verkefnum sem lúta að öryggis-, gæða- og umhverfiskröfum. - skó



**SÍÐUSTU ÞANGPOKARNIR** Hér er verið að landa síðustu þangpokum vertíðarinnar. MYND/ÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN

Haustralli Hafró lokið:

# Þorskstofninn aldrei sterkari

**SJÁVARÚTVEGUR** Niðurstöður liggja nú fyrir úr haustralli Hafrannsóknastofnunar Íslands. Meðal niðurstaðna var að heildarvísitala þorsks mældist sú hæsta frá 1996 þegar farið var í fyrstu stofnmælinguna að haustlagi. Sú hækkun er í góðu samræmi við stofnmat sem gert var í vor. Einnig kom fram að meira er af þorski sem lengri en 80 sm.

Stofnvísitala ýsu hækkaði nú frá síðasta ári og er nú svipuð og árið 2009. - skó



**JÓLIN 2013** Jólablað Fréttablaðsins er troðfullt af skemmtilegu efni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jólablað Fréttablaðsins 2013:

# Uppskriftir, viðtöl og jólaskraut

**JÓL** Jólablaðið 2013 fylgir Fréttablaðinu í dag. Í blaðinu, sem er 120 síður, er að finna fjölda girnilegra uppskrifta, viðtöl við áhugavert fólk og hugmyndir að ýmsu jólaföndri og -skrauti.

Meðal efnis má nefna Jólaspil sem fjölskyldan getur spilað í aðdraganda jóla, viðtal við Agnesi M. Sigurðardóttur biskup og umfjöllun um jólasiði til forna og jólahald þriggja hettumunka sem búa í Reyðarfirði.

Þá eru gefnar fjölbreyttar uppskriftir að aðalréttum, eftirréttum og meðlæti, til dæmis dýrindis súkkulaðisósu sem nota má með dádýrssteik eða annarri villibráð.

## LEIÐRÉTT

Litir víxluðust í grafík sem fylgdi frétt um könnun á afstöðu fólks til inngöngu í Evrópusambandið í Fréttablaðinu í gær. Eins og fram kom í texta fréttarinnar eru 58,3 prósent á móti aðild en 41,7 prósent fylgjandi aðild.

# Svigrúmið til launahækkana ekki mikið

Viðræðunefnd SA og ASÍ hittist á óformlegum fundi með ríkissáttasemjara. Engar kröfur hafa verið settar fram, en ljóst að mat á svigrúmi til launahækkana er ólíkt. Forseti ASÍ kallar eftir yfirlýsingu um verðlagshækkanir frá fyrirtækjum landsins.

**KJARAMÁL** Forystufólk Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hélt fund um komandi kjarasaminga með ríkissáttasemjara í gær. Rætt var um svigrúm til launahækkana og mikilvægi aðhaldssemi í verðlagsákvörðunum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja. Viðræðunefnd SA og ASÍ hittist á óformlegum fundi til þess að ræða vinnuáætlun viðræðnanna. Ákveðið var að nefndin hittist aftur í dag.

„Þetta var ágætt upphaf en það er alveg ljóst að mat manna á stöðunni er mjög misjafnt," segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir samtökin ekki hafa sett fram kröfur um launaliðinn á þessari stundu en markmiðið með fundinum hafi verið að átta sig á stöðunni.

Tímarammi viðræðnanna hefur ekki verið settur, en aðilar höfðu áður sett sér sameiginlegt markmið um að ljúka viðræðum fyrir lok samningstímans, sem lýkur 30. nóvember næstkomandi.

„Það er ótímabært að segja til um það hversu langan tíma þetta mun taka, en það er ljóst að þetta verður mikið verkefni. Í okkar huga er mikilvægara að ná góðri niðurstöðu, þótt það taki tíma," segir Þorsteinn, en bætir því við að viðræðurnar séu komnar á fulla ferð og að það muni ekki standa á þeim að vinna eins hratt og kostur er.

Á fundinum voru launahækkanir ræddar í þaula og segir Þorsteinn ljóst að aðilar leggi ólíkt mat á svigrúmið til hækkana. Mönnum beri þó saman um að svigrúmið sé ekki mikið. „Það er bara verkefni sem við vinnum úr í framhaldinu," segir Þorsteinn.



**KJARAVIÐRÆÐUR** Viðræðunefnd ASÍ og SA hittist á óformlegum fundi með ríkissáttasemjara. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Aðilar eru almennt sammála um að verðlagsþróun á samningstímanum skipti sköpum um trúverðugleika kjarasamninga. Verðlagsákvarðanir ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja skipti höfuðmáli og því mikilvægt að þessir aðilar sýni aðhaldssemi í þeim efnum.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir nauðsynlegt að ræða hvernig fyrirtækin komi til móts við launþega með verðlækkunum. Mörg sveitarfélög hafi hlýtt kalli Reykjavíkurborgar um verðskrárlækkanir en ekkert hafi heyrst frá stærstu fyrirtækjum landsins. „Ætla þau að gefa út yfirlýsingu um að þau ætli ekki að velta launahækkunum út í verðlag?" spyr Gylfi. „Þau gætu lýst því yfir hvert fyrir sig. Það yrði gott innlegg í þessa vegferð," segir hann. eva@frettabladid.is



**Þetta var ágætt upphaf en það er alveg ljóst að mat manna á stöðunni er mjög misjafnt.**

*Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins*

Nýr framkvæmdastjóri SI:

# Kristrún ráðin

**FÓLK** Kristrún Heimisdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.



**KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR**

Hún hefur áður starfað hjá SI og var lögfræðingur samtakanna í tæp fimm ár. Var hún valin í starfið úr hópi 45 umsækjenda.

Kristrún segist í tilkynningu frá SA vera full tilhlökkunar. Hennar fyrsta verk verður að heimsækja sem flest fyrirtæki til að heyra sjónarmið þeirra. - skó

Dalvík endurskoðar hækkun:

# Vilja sporna við verðbólgunni

**SVEITARSTJÓRNIR** Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar ákvað í síðustu viku að endurskoða áformaðar breytingar á þjónustugjaldskrám sem taka áttu gildi um næstu áramót.

„Með þessari ákvörðun vill sveitarstjórn leggja af mörkum til að sporna við verðbólgu og auka kaupmátt komandi kjarasamninga. Sveitarstjórn telur að allir verði að bera sameiginlega ábyrgð og vinna saman að því markmiði," segir í samþykkt sveitarstjórnarinnar. - gar

## FJARSKIPTI

### Bjóða út ljósleiðara

Bæjarráð Snæfellsbæjar hefur samþykkt að heimila útboð um ljósleiðaraverkefni. Um er að ræða samstarfsverkefni þriggja sveitarfélaga á svæðinu. Kynna á sveitarfélögum niðurstöður útboðs og hvort eða hversu mikið fjármagn þurfi frá hverju sveitarfélagi til framkvæmdanna.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ROK OG RIGNING** Bætir heldur í vindinn er líður á daginn og má búast við hvassviðri eða stormi og mikilli úrkomu um tíma í dag, einkum á vestanverðu landinu. Milt í veðri en kólnandi á morgun með minnkandi vindi og éljum.




**Á morgun**
8-18 m/s.




**Fimmtudagur**
5-13 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Billund | 4° | Gautaborg | 4° | London | 6° | Orlando | 25° | San Francisco | 16° |
| Basel | 5° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 15° | Ósló | -2° | Stokkhólmur | 3° |
| Berlín | 3° | Friedrichshafen | 2° | Las Palmas | 21° | New York | 10° | París | 5° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Audi
Vorsprung durch Technik
Lítur alltaf vel út.
Líka í myrkri.
**Audi Q3** lýsir upp veginn í orðsins fyllstu merkingu með glæsilegum framljósum sem bregðast sjálfkrafa við breytingum á birtuskilyrðum. Þetta er enn eitt dæmið um þá stefnu Audi að láta útlit og innihald alltaf haldast í hendur. Audi Q3 kostar frá kr. 7.590.000.
US J91
HEKLA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða íslenskum ráðherra var hótað lífláti vegna hvalveiða?
**2.** Hver setti fimm Íslandsmet í sundi um helgina?
**3.** Á hvað setur Oddný Sturludóttir stefnuna?

**SVÖR:**
**1.** Halldóri Ásgrímssyni. **2.** Eygló Ósk Gústafsdóttir. **3.** Frekara nám.

Samningur undirritaður um farangursflokkunarkerfi á Keflavíkurflugvelli:

# Tvöfalda afkastagetu kerfisins

**SAMGÖNGUR** Isavia og danska fyrirtækið Crisplant A/S undirrituðu samning á fimmtudaginn um stækkun og endurbætur á farangursflokkunarkerfi Keflavíkurflugvallar. Samningurinn felur í sér tvöföldun á afkastagetu farangursflokkunarkerfisins og eftir breytinguna mun kerfið geta flokkað 86 töskur á mínútu.

Í tilkynningu frá Isavia segir að verkefnið sé grundvöllur þess að innrita mikinn fjölda flugfarþega á skömmum tíma og tryggja að farangur skili sér á réttan áfangastað. Nú þegar hafi sjálfsinnritunarstöðvar aukið afköst umtalsvert og endurbæturnar séu liður í að mæta síauknum farþegafjölda og auka þjónustu enn frekar.

Vegna mikillar umferðaraukningar um flugvöllinn hefur núverandi flokkunarbúnaður verið starfræktur með hámarksafköstum undanfarin tvö ár. Heildarupphæð samningsins er um 645 milljónir króna og á breytingunum að ljúka í byrjun sumars. - skó



**SAMNINGSUNDIRRITUN** Fulltrúar Isavia og Crisplant A/S undirrituðu samninginn í farangursflokkunarsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. MYND/ISAVIA

Danir aflýsa skólaferð:

# Malmö sögð of hættuleg borg

**DANMÖRK** Heimsókn nemenda í áttunda bekk í Hjalle-skólanum í Óðinsvéum í Danmörku til skóla í Malmö í Svíþjóð hefur verið aflýst. Ástæðan er sú að nokkrum foreldrum dönsku barnanna finnst Malmö of hættuleg borg.

Foreldrarnir bentu meðal annars á fjölda innflytjenda í hverfinu Rosengård sem er nálægt skólanum sem dönsku börnin ætluðu að heimsækja.

Kennari í Malmö segir leitt að mæta svo miklum fordómum. - ibs



**Í RÁÐUNEYTI** Mótmælendur komnir inn í utanríkisráðuneytið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mótmælendur í Taílandi:

# Stjórnin fari frá

**TAÍLAND, AP** Hópur stjórnarandstæðinga réðst inn í utanríkisráðuneytið í Bangkok í gær. Þeir krefjast þess að Yingluck Shinawatra forsætisráðherra segi af sér.

Stjórnarandstæðingarnir halda því fram að í raun sé það Thaksin Shinawatra, bróðir forsætisráðherrans, sem stjórni á bak við tjöldin. Thaksin var steypt af stóli í byltingu hersins árið 2006. Á sunnudaginn tóku meira en 150 þúsund manns þátt í mótmælagöngu gegn stjórninni. - gb

Að loknum Íranssamningi:

# Refsiaðgerðir til endurskoðunar

**FRAKKLAND, AP** Evrópusambandið gæti byrjað að létta refsiaðgerðum af Íran strax í næsta mánuði.

Þetta fullyrti Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakklands, í útvarpsviðtali. Til þess þarf sameiginlega ákvörðun Evrópusambandsríkjanna.

„Það gæti orðið í desember, það gæti orðið í janúar,“ sagði Michael Mann, talsmaður ESB í utanríkismálum.



**LAURENT FABIUS**

Íranir samþykktu um helgina að halda kjarnorkuvinnslu innan ákveðinna marka, þannig að þeim verður vart kleift að smíða kjarnorkuvopn lengur. - gb

# Stígar í Þórsmörk í mjög slæmu ástandi

**Þriðjungur stíga í Þórsmörk reyndist vera í slæmu ásigkomulagi þegar ástand þeirra var rannsakað. Vinir Þórsmerkur hafa staðið fyrir sérstöku verkefni til að bæta ástandið. Nefnt er að stýra verði ferðamönnum og jafnvel takmarka fjöldann.**

**NÁTTÚRA** Þriðjungur göngustíga á Þórsmerkursvæðinu er í slæmu eða afleitu ásigkomulagi. Kallað er eftir framtíðarsýn við uppbyggingu í stað „fyrstu hjálpar“ þegar mál eru komin í óefni.

Nýbirt er grein Rannveigar Ólafsdóttur, dósents við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, og Micaels C. Runnström hjá Háskólanum í Lundi, í tímaritinu Journal of Outdoor Recreation and Tourism. Þau könnuðu ástand göngustígakerfisins í Þórsmörk og í Landmannalaugum og komust að þeirri meginniðurstöðu að 30% göngustíga Þórsmerkur og 12% göngustíga í Landmannalaugum séu í slæmu eða afleitu ástandi. Um 40% göngustíga í Þórsmörk voru metin í góðu eða mjög góðu ásigkomulagi.

Rannveig segir að framlög til að byggja upp svæði sem eru illa farin séu gott og nauðsynlegt framtak. „Hins vegar vil ég gagnrýna að þetta byggist allt á því að veita „fyrstu hjálp“, svo að segja. Við erum einfaldlega komin með svo marga ferðamenn að okkur vantar heildarsýn. Hvar við viljum byggja upp innviði og hvernig. Þegar ástandið er orðið svona, þá verðum að gera eitthvað. Tréstíga þarf örugglega á einhverjum stöðum, en það sem ég er að gagnrýna er að það vantar stefnumörkun um hvar við ætlum að byggja upp manngert umhverfi og hvar ekki,“ segir Rannveig.

Augljóslega er sá fjöldi ferðamanna, sem fara um einstök svæði, sá þáttur sem helst ber að líta til. Því er ein tillagan, sem sett er fram í greininni, að flæði ferðamanna um viðkvæmustu svæðin verði stýrt og takmarka þurfi fjölda þeirra.

Vinir Þórsmerkur hafa, í samvinnu við Skógrækt ríkisins, haldið úti sérstöku verkefni í kringum viðhald á göngustígum á svæðinu og mikill árangur hefur náðst undanfarin tvö ár.

Hreinn Óskarsson, fyrrverandi formaður félagsins, segir að skort hafi fjármagn til að hægt sé að lagfæra alla stíga, en vinnan hefur miðast við að lagfæra fjölförnustu stígana; jafnvel færa þá til og græða upp rofsár í kringum gönguleiðirnar. Enn fremur hafa merkingar verið bættar og reynt að beina fólki inn á þær leiðir sem þola mestan átroðning.

Sótt var um fast framlag frá ríkinu til verkefnisins í fyrra, 10 milljónir króna, en án árangurs.
svavar@frettabladid.is



**VERSTU DÆMIN** Talið er að á milli 75 og 100 þúsund manns gangi Laugaveginn [gönguleiðina milli Landmannalauga og Þórsmerkur] á hverju ári, svo álagið er mikið, og því lýkur viðhaldi og uppbyggingu aldrei. MYNDIR/RANNVEIG OG MICAEL

> **Við erum einfaldlega komin með svo marga ferðamenn að okkur vantar heildarsýn. Hvar við viljum byggja upp innviði og hvernig.**
> *Rannveig Ólafsdóttir, dósent við Háskóla Íslands*


# GÆÐABÍLSTÓLAR FYRIR BÖRNIN
Veldu gæði og öryggi fyrir þig og þína




REYKJAVÍK, Bíldshöfða 9,
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngási 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000
Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!



# Mannvirðing
Siðmennt styður **opið, víðsýnt** og **fjölbreytt** samfélag
SIÐMENNT
www.sidmennt.is
*kynntu þér málið!*


Halastjarnan ISON nálgast óðfluga og fer næst sólu á fimmtudaginn:

# Örlög halastjörnu ráðast brátt

**VÍSINDI, AP** Á fimmtudaginn ræðst hvort halastjarnan ISON lifir nálægðina við sólarhitann af og birtist þá nokkru síðar skær og greinileg á himni.

Vísindamenn hafa fylgst grannt með ferðum hennar síðustu mánuðina. Hún fer næst sólu á fimmtudaginn og bráðni hún hvorki né sundrist í smámola mun hún sjást berum augum frá jörðu mestallan desembermánuð.

Ekki er nein hætta á að hún rekist á jörðina, en næst jörðu verður hún á annan í jólum, 26. desember. Eftir það heldur hún burt út í geiminn og ekki er reiknað með að hún komi nokkurn tímann aftur hingað.

Vísindamenn vissu ekkert af tilvist hennar fyrr en í september á síðasta ári þegar rússneskir stjarnfræðingar tóku eftir henni.



**HALASTJARNAN ISON** Verður vel sýnileg mestallan desember lifi hún af hita sólarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síðan þá hafa allir helstu stjörnusjónaukar jarðar verið notaðir til að kanna ferðir hennar og greina efnasamsetningu hennar.

Lifi hún af sólarnándina má búast við að í október á næsta ári fari hún nálægt Mars. Svo nálægt reyndar að hali hennar muni um hríð umlykja rauðu plánetuna. - gb

# JÓLAGJÖF SÆLKERANS

## JÓLAGJÖF FYRIR SAMSTARFSFÓLKIÐ

PAKKARNIR ERU AFGREIDDIR FRÁ 10. DESEMBER.

## JÓLAPAKKI 1




17.999

Hamlet Trufflur
Carr's Table Water
Camembert du Bocage
Nautavöðvi
Hangikjöt
Sultaður Rauðlaukur
Iberico Paté
Brie með Chilli og Engifer
Húskarlalax
Jólapylsa
Berjasulta
Hamborgarhryggur



13.999

## JÓLAPAKKI 2

Hamborgarhryggur, Taðreykt Lambainnralæri, Grafið Lambafile, Iberico Paté, Húskarlalax, Jólapylsa, Brie með Chili og Engifer, Camembert du Bocage, Hamlet Trufflur, Sultaður Rauðlaukur, Berjasulta, Carr's Table Water.




15.999

## JÓLAPAKKI 3

Hamborgarhryggur, Hangikjöt, Iberico paté, Húskarlalax, Brie með Chili og Engifer, Camembert du Bocage, Hamlet Trufflur, Sultaður Rauðlaukur, Papriku og Chili sulta, Carr's Table Water, Höfðingi, Blár Kastali, Ostarúlla með Reyktum Laxi og Sítrónupipar.




16.999

## JÓLAPAKKI 4

Kalkúnaskip, Nautavöðvi, Grafið Lambafile, Iberico Paté, Húskarlalax, Brie með Chilli og Engifer, Camembert du Bocage, Hamlet Trufflur, Sultaður Rauðlaukur, Papriku og Chili sulta, Carr's Table Water, Höfðingi, Blár Kastali.

***Afgreiddur frá 18. des og fram að jólum.***

EINFALT AÐ PANTA: Þú sendir tölvupóst á storkaup@storkaup.is eða hringir í Stórkaup í síma 563-5330 alla virka daga á milli 8:00 og 17:00.

***Hamborgarhryggurinn er að lágmarki 2,0 kg. og hangikjötið er að lágmarki 1,7-2,0 kg.***

HAGKAUP
Ein ferð betra verð
í samvinnu við STÓRKAUP
BIRGÐAVERSLUN









**LANGHOLTSSKÓLI** Stúlka og piltur felldu hugi saman en það var ekki ásættanlegt í heimi þar sem flestir voru samkynhneigðir. Fulltrúar Langholtsskóla fjölluðu um fordóma vegna kynhneigðar með því að snúa við hinni venjulegu sýn í þeim efnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sterk atriði á Skrekk

Dómararnir í hæfileikakeppni grunnskólanna voru ekki öfundsverðir af hlutverki sínu á úrslitum Skrekks í Borgarleikhúsinu í gærkvöld. Krakkar úr átta skólum sýndu þar listir sínar í feikiöflugum atriðum. Langholtsskóli bar sigur úr býtum.



**HLÍÐASKÓLI** Samskiptavefir voru í lykilhlutverki í atriði Hlíðaskóla þar sem netheimar virtust vera að gleypa börn jafnt sem fullorðna.



**RÉTTARHOLTSSKÓLI** Sjálfsmynd unglingsstúlku voru gerð skil í atriði Réttarholtsskóla um hópþrýsting og lystarstol.



**INGUNNARSKÓLI** Krakkarnir úr Ingunnarskóla sýndu að fólk þurfi að geta sætt sig við að krabbamein hrifsi burt eitt þeirra úr skógi lífsins.



# Birting lýsingar

Útgefandi: N1 hf., kennitala 540206-2010, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi

N1 hf. birtir lýsingu í dag 26. nóvember 2013, í tengslum við almennt hlutafjárútboð og umsókn félagsins um að hlutir í N1 hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta.

Nánari upplýsingar um félagið, útboðið og fyrirhugaða skráningu á markað má finna í framangreindri lýsingu sem dagsett er 26. nóvember 2013 og gefin út á íslensku. Lýsingin er birt á vefsíðu félagsins, www.n1.is/fjarfestatengsl, og þar má nálgast hana rafrænt næstu 12 mánuði. Lýsinguna má einnig nálgast á vefsíðu Arion banka hf., www.arionbanki.is. Frá 29. nóvember 2013 má jafnframt nálgast innbundin eintök hjá N1 að Dalvegi 10-14 í Kópavogi og hjá Arion banka hf. í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Heildarfjöldi útgefinna hluta í N1 hf. er 1.000.000.000 og á félagið enga eigin hluti. Allir útgefnir hlutir í félaginu eru í sama flokki og jafn rétthair. Hlutir félagsins eru gefnir út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Auðkenni hlutanna hjá Verðbréfaskráningu er N1 og ISIN númer þeirra er IS0000020584. Stjórn útgefanda hefur óskað eftir því að N1 verði auðkenni hlutabréfanna í kerfum NASDAQ OMX Iceland hf.

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. og Íslandsbanki hf. hyggjast selja áður útgefna hluti í N1 með almennu útboði sem fyrirtækjaráðgjöf og verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf. annast. Stærð útboðsins nemur 25% af útgefnum hlutum, nánar tiltekið 250.000.000 hlutum (sem heimilt er að hækka í allt að 28% eða 280.000.000 hluti). Á vefsíðu umsjónaraðila, www.islandsbanki.is, verður tekið við áskriftum frá og með föstudeginum 6. desember 2013 klukkan 10.00 til og með mánudeginum 9. desember 2013 klukkan 16.00.

Fjárfestum eru boðnar tvær áskriftarleiðir: Í tilboðsbók A óska seljendur eftir áskriftum að andvirði frá 100 þúsund kr. til 10 milljónir kr. sem geta verið á verðbilinu 13,5 - 15,3 krónur á hlut og munu eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi A. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum yfir 10 milljóna kr. andvirði en að hámarki í 15% eignarhlut. Geta áskriftir að lágmarki verið á verðinu 15,3 krónur á hlut og seljendur munu eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi B. Í tilboðsbók A eru boðin samtals 10% af útgefnum hlutum og 15% í tilboðsbók B. Nánari upplýsingar um útboðið má nálgast hjá Íslandsbanka hf. og í framangreindri lýsingu.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar miðvikudaginn 11. desember 2013. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í N1 hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir lok janúar 2014. Slíkt samþykki er birt af NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt fyrsta mögulega viðskiptadegi með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði sem tilkynnt er með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri N1 hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og fjölbreyttari hluthafahópi, og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði. Seljendur munu falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir að lágmarki 10% af útgefnum hlutum í N1 hf. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutabréf í N1 hf. verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljendur telja gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljenda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útboðið, útgefandann eða seljanda, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamarkaði á Íslandi.

Kópavogi, 26. nóvember 2013
**Stjórn N1 hf.**





Dr. Morris Riedel



Hr. Brynjólfur Borgar Jónsson

**Ársfundur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands**
miðvikudaginn **27.** nóvember kl. **16.00–17.30** í sal **104** á Háskólatorgi.

**Big Data – ógrynni gagna.**
Ávinningur eða kostnaður?

**Dagskrá:**

**Setning fundar**
*Dr. Guðmundur Freyr Úlfarsson*, prófessor og formaður stjórnar Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.

**Big Data – Status Quo & Trends**
*Dr. Morris Riedel*, Head of Research Group for High Productivity Data Processing, Jülich Supercomputing Centre (JSC), Þýskalandi. Erindi dr. Riedel verður flutt á ensku.

**Hagnýting gagna og greininga á Íslandi**
*Hr. Brynjólfur Borgar Jónsson*, M.Sc., ráðgjafi hjá Capacent.

*Léttar veitingar.*
*Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.*

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 133455










**ELDSNEYTISVERÐ ÓBREYTT** Ný eldsneytislög sem taka gildi um áramót hefðu ekki þurft að taka gildi fyrr en eftir sex ár en kosta ríkið um það bil sex milljarða í skatttekjur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sex milljarða skattaafsláttur nær ekki til neytenda:

# Afsláttur að mestu til erlendra birgja

**EFNAHAGSMÁL** Ríflega sex milljarða skattafsláttur ríkisins vegna vistvæns eldsneytis mun ekki skila sér í lægra bensínverði í nánustu framtíð. Þvert á móti gæti eldsneytisverð hækkað. Milljarðarnir sex munu að stærstum hluta fara úr landi til erlendra birgja.

Um áramót taka gildi ný eldsneytislög sem kveða á um að söluaðilum eldsneytis beri að tryggja að að minnsta kosti þrjú og hálft prósent seldrar orku verði af endurnýjanlegum uppruna. Um þarnæstu áramót hækkar þessi tala upp í 5 prósent. Lögin eru samkvæmt tilskipun frá Evrópusambandinu en þar er ætlast til að 10 prósenta markinu verði náð 2020.

Í raun hefði Ísland því ekki þurft að gera neitt í þessum efnum fyrr en eftir sex ár. Ríkið fellir niður olíugjald á endurnýjanlegt eldsneyti og verður af þeim sökum af um 800 milljónum króna á næsta ári og 1.100 milljónum króna á hverju ári eftir það. Það mun hins vegar ekki skila sér til neytenda í formi lægra eldsneytisverðs.

„Nei, við gerum ekki ráð fyrir því að eldsneytisverð muni lækka þar sem þessir orkugjafar sem þarf að flytja inn, þetta lífræna eldsneyti, það er mun dýrara en það eldsneyti sem við seljum í dag,“ segir Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu.

Undir orð Guðrúnar tekur Jón Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri sölusviðs hjá Olíuverslun Íslands.

En ef olíufyrirtækin sjá ekki hagnaðinn af 800 milljóna króna afslætti og ekki heldur neytendur, hvert fara þá þessi peningar? „Til þeirra erlendu birgja sem munu selja okkur lífdísilolíu annars vegar og etanól hins vegar,“ segir Guðrún Ragna.

Eitt af meginmarkmiðum laganna er að draga úr kaupum olíufélaganna á eldsneyti erlendis og um leið auka innlenda framleiðslu á þessu sviði. Hvorugt virðist hins vegar ætla að ganga eftir.

„Því miður er staðan bara sú að innlend framleiðsla er ekki á því stigi að við getum nýtt okkur hana og það er töluvert langt í það.“ **- hh**




# Rannsóknir á orku og umhverfi

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar styrkir margvíslegar rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála.

**Opinn kynningarfundur** á verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt verður haldinn fimmtudaginn 28. nóvember í sal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu kl. 13 – 16.30.

Haldin verða átta erindi milli kl. 13 og 15. Að þeim loknum verða önnur verkefni kynnt og boðið upp á léttar veitingar.

**Guðrún Gísladóttir**
Þróun landvistkerfis í Húnavatnssýslum síðustu árþúsundir.

**Tómas Jóhannesson**
Mælingar á yfirborði og yfirborðsbreytingum íslenskra jökla með leysimælingum.

**Fjóla Sigtryggsdóttir**
Vöktun virkjunarlóna og stíflna.

**Guðrún Marteinsdóttir**
Vistfræðileg tengsl ferskvatnsrennslis til sjávar og hrygningar og klaks þorsks.

**Sigurður Erlingsson**
Metró – Athugun á gagnsemi lestarkerfa fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

**Stefán Arnórsson**
Rætur háhitasvæða:
Lekt bergs, ummyndun og kvikugös – jarðefnafræðileg athugun.

**Snjólaug Ólafsdóttir**
Örlög brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum.

**Sigurður Brynjólfsson**
Hreinsun á $H_2S$ og $CO_2$ frá jarðvarmavirkjunum í tveggja þrepa efnarafal með rafsamruna og örverum.

*Opnað verður fyrir umsóknir næsta árs þann 30. nóv. nk.*







**AIRWAVES** Á þremur af fjórum stöðum sem Heilbrigðiseftirlitið heimsótti þurftu tónleikahaldarar að lækka í græjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Mældu hávaða á Airwaves:

# Létu lækka á þremur stöðum

**HEILBRIGÐISMÁL** Of mikill hávaði var á þremur tónleikastöðum af fjórum sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mældi á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves sem haldin var í byrjun nóvember.

Fulltrúar á vegum Heilbrigðiseftirlitsins gerðu hljóðmælingar með „nýjum Brüel & Kjær-hljóðmæli“ en samkomustöðum ber að fara eftir viðmiðunarmörkum sem gefin eru upp í reglugerð um hávaða, að því er segir í tilkynningu frá eftirlitinu.

Staðir sem ætlaðir eru til tónleikahalds geta fengið heimild fyrir meiri hávaða en aðrir staðir, en þó skal jafngildishljóðstig aldrei fara yfir 102 desibel.

„Á þeim stöðum þar sem hávaði fór yfir viðmiðunarmörk var farið fram á að dregið yrði úr hávaða tafarlaust og í kjölfar eftirlits var gerð krafa um að gerðar yrðu ráðstafanir til að hávaði innanhúss verði framvegis ekki yfir leyfilegum mörkum,“ segir í tilkynningu frá Heilbrigðiseftirlitinu. **- kh**

# NÚ ER TÆKIFÆRI

## SÝNINGAR- OG REYNSLUAKSTURSBÍLAR Á TILBOÐI TIL ÁRAMÓTA

NISSAN SUBARU ISUZU D-MAX BMW LAND ROVER RENAULT











### EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF NÝJUM BÍLUM

Bjóðum til sölu valda sýningar- og reynsluakstursbíla á sérstökum vildarkjörum til áramóta. Stórglæsilegir bílar á frábæru tilboði meðan birgðir endast.

**Láttu okkur gera þér tilboð í gamla bílinn þinn.**

**HAFÐU BEINT SAMBAND VIÐ SÖLUMENN Í GEGNUM WWW.BL.IS**









ENNEMM / SIA / NM60321

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

Þingmaður Pírata vill kalla innanríkisráðherra og ráðuneytisstjóra fyrir nefnd:

# Ráðherra skýri leka úr ráðuneyti

**ALÞINGI** Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, óskar eftir því að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytisins verði kölluð fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.


JÓN ÞÓR ÓLAFSSON


HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

„Leki innanríkisráðuneytisins á persónuupplýsingum um hælisleitendurna Evelyn Glory Joseph og Tony Omos, er grafalvarlegt mál sem nauðsynlegt er að fá svör við,“ segir Jón Þór í tilkynningu.

„Það er að sjálfsögðu stjórnvalda hverju sinni að gæta þess að trúnaðar sé gætt í málum er varða persónuleg málefni. Menn verða að fara með upplýsingar í samræmi við eðli þeirra gagna sem þeir hafa undir höndum.“

Þórunn Þórarinsdóttir hjá Kristínarhúsi, athvarfi sem er fyrst og fremst ætlað konum sem eru á leið út úr vændi eða mansali, segir trúnaðarbrot alltaf alvarlegt mál: „Ef rétt reynist að þetta sé trúnaðarbrestur frá ráðuneytinu, þá er það mjög alvarlegt mál.“

Í yfirlýsingu frá innanríkisráðuneytinu segir að ekkert bendi til að embættismenn innanríkisráðuneytisins hafi afhent slík gögn. „Ráðuneytið leggur mikla áherslu á að öll formleg gögn allra slíkra mála séu trúnaðarmál og með þau farið sem slík. Ráðuneytið eða starfsmenn þess geta samkvæmt lögum ekki tjáð sig um einstaka mál, en harma ef það hefur í einhverju tilviki gerst að trúnaðarupplýsingar berist öðrum en þeim sem um þau fjalla formlega,“ segir í yfirlýsingunni.

Hanna Birna vildi ekki veita viðtal vegna málsins þegar þess var óskað í gær. - jbg


**HÚSIÐ Í BRIXTON** Lögregla á verði utan við húsið, þar sem hjónin hafa búið ásamt þrælum sínum síðustu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Var leiðtogi í hópi maóista

Breska lögreglan kannar tengsl við þrælahaldarana í London á þrettán öðrum stöðum í borginni. Þrælahaldararnir voru forsprakkar í maóistasamtökum.

**BRETLAND, AP** Breskir fjölmiðlar hafa upplýst að hjónin, sem héldu þremur konum í þrælkun í þrjátíu ár á heimili sínu í London, heita Aravindan og Chanda Balakrishnan.

Breska lögreglan hefur verið að kanna hvort þrælahaldið teygi anga sína víðar og meðal annars gert húsleit á þrettán stöðum í London.

Maðurinn er 73 ára, upphaflega frá Indónesíu, en konan er 67 ára og upphaflega frá Tansaníu. Þau hafa þó búið áratugum saman í London og voru á sínum tíma leiðtogar í maóistasamtökum. Þau ráku meðal annars bókasafn og eins konar félagsmiðstöð fyrir skoðanabræður sína.

Aravindan Balakrishnan var áður félagi í Kommúnistaflokki Englands og gegndi þar mikilvægri stöðu, en sagði sig úr flokknum árið 1974 og stofnaði maóistasamtök, sem störfuðu þó ekki nema í fáein ár.

Lögreglan hefur upplýst að hjónin og konurnar þrjár, sem þau héldu í þrælkun, hafi verið sömu sannfæringar í pólitík.

Ein kvennanna er frá Malasíu, 69 ára gömul, önnur frá Írlandi, 57 ára, og sú þriðja bresk, 30 ára. Talið er að yngsta konan, sem hefur verið á heimili Balakrishnan-hjónanna frá því hún fæddist, sé dóttir írsku konunnar og Aravindans.

Lögreglan hefur nú staðfest, að sögn breska blaðsins The Telegraph, að eldri konurnar tvær hafi upphaflega kynnst þrælahöldurum sínum í tengslum við pólitíska starfsemi og að þau hafi búið saman í einhvers konar kommúnu.

„Einhvern veginn hætti sú kommúna en konurnar héldu áfram að búa hjá hinum grunuðu,“ er haft eftir Steve Rodhouse, yfirmanni í lögreglunni, í The Telegraph. „Hvernig þetta varð svo til þess að konurnar lifðu lífinu með þessum hætti í meira en 30 ár er það sem við erum að reyna að átta okkur á, en við teljum að andleg og líkamleg misnotkun hafi verið einkenni á lífi allra fórnarlambanna.“

Hjónin hafa bæði komið við sögu lögreglunnar í tengslum við pólitískar aðgerðir þeirra og setið í fangelsi.

Lögreglan gerði húsleit hjá þeim árið 1978, handtók þá 14 félaga í samtökunum, þar á meðal Balakrishnan-hjónin.

gudsteinn@frettabladid.is




## Endurskoðun hugtaksins sjálfbær þróun


Dr. Dennis Meadows

Háskóli Íslands og Stofnun Sæmundar fróða bjóða til fyrirlestrar dr. Dennis Meadows í Hátíðasal Aðalbyggingar miðvikudaginn **27. nóvember nk. kl. 13.30–14.30.** Í erindinu mun dr. Meadows fjalla um nauðsyn þess að endurskoða hugtakið sjálfbær þróun.

**Dr. Dennis Meadows** er prófessor emeritus í kerfisstjórnun og fyrrverandi forstöðumaður stofnunar um stefnumótun og félagsvísindi við Háskólann í New Hampshire. Hann stýrir nú rannsóknamiðstöð um gagnvirka kennslu. Meadows er þekktastur fyrir að vera meðhöfundur skýrslunnar *Limits to Growth* sem kom út árið 1972. Það var líkan nýtt til að sýna afleiðingar samspils fólksfjölgunar og takmarkaðra náttúruauðlinda. Dr. Meadows hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir framlag sitt til vísinda og verið ráðgjafi ríkisstjórna í Bandaríkjunum og víðar.

*Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.*

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 133473



www.volkswagen.is




Volkswagen Caddy

## Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

**Caddy* kostar aðeins frá**

**3.090.000 kr.**

**(2.462.151 kr. án vsk)**

Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Láttu hjartað ráða




„Himneska súkkulaðið mitt er úr lífrænt ræktuðu hráefni og fairtrade-vottað. Hágæða súkkulaði sem kætir bragðlaukana.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

Rafræn ritskoðun ryður sér til rúms:

# Lækaðu mig, þá mun ég læka þig

Hannes Hólmsteinn Gissurarson skrifar bloggpistil á Pressuna þar sem hann nafngreinir alla þá sem lækað hafa niðrandi statusa á Facebook um framgöngu hans í Spegli RÚV á föstudaginn. Illugi Jökulsson bregst við með því að skrifa Hannesi opið bréf á sínu bloggi þar sem hann segir meðal annars: „Í fyrsta lagi þykir mér undarlega ósmekklegt af þér að vera búinn að skrá svona nákvæmlega hjá þér alla sem hafa lækað skoðun sem þér fellur ekki, jafnvel þótt sú skoðun snúist reyndar um sjálfan þig.“ Vinir og viðhlæjendur beggja bloggara bregðast snöfurmannlega við og endalausir umræðuþræðir myndast á Facebook-síðum þeirra félaganna Hannesar og Illuga þar sem meðal annars kemur fram að það sé nú ekkert nýnæmi að lækarar séu nafngreindir í fjölmiðlum og vísa ýmsir til þess er Hildur Lilliendahl og fleiri töldu upp alla sem lækað höfðu status Rúnars Helga Vignissonar rithöfundar um ónærgætna umfjöllun um kynferðisbrotamál Jóns Baldvins Hannibalssonar. Umræðan fer um víðan völl og fólki er skipt í fylkingar eftir lækum eða vöntun á þeim, hraunað yfir andstæðinga og samherjar mærðir og umræðan eltir eigið skott út í það óendanlega.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Þessi umræða er merkileg fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi er lækun statusa á Facebook heldur rýr mælikvarði á stuðning fólks við hina eða þessa skoðunina. Flestir skruna yfir fréttaveituna með hálfum huga og eru ansi gikkglaðir á læktakkanum þegar þeim þykir vinir sínir komast vel að orði eða vekja athygli á þekkilegum málstað. Hugsa það ekkert nánar og halda áfram að skruna. Það er því heldur óþægilegt að rekast á nafn sitt á lista yfir meinta stuðningsmenn þessa eða hins í fjölmiðlum nokkrum klukkustundum síðar. Í öðru lagi er alls engan veginn hægt að skipta fólki í skoðanaflokka eftir lækum á Facebook. Þar tífaldast hin og þessi lækbandalög og nánast sama hvaða vitleysu ákveðnir aðilar pikka inn, þeir hljóta samstundis fjölda læka frá aðdáendum sínum. Það er því í mörgum tilfellum manneskjan sem verið er að læka – ekki skoðunin. Í þriðja lagi lýsir það ákaflega hvimleiðum ritskoðunartilhneigingum að telja og tíunda læk á Facebook, skipta fólki upp í stuðningsmenn og andstæðinga og skella stimplavélinni í gang í jötunmóð. Heldur einhver í alvöru að fólk þrauthugsi læk sín og standi og falli með þeim? Að læka statusa á Facebook er í besta falli samkvæmisleikur sem fólk tekur þátt í af því allir hinir gera það, ekki tæki til að koma skoðunum sínum á framfæri. Það er orðinn frekar ógnvekjandi heimur þegar eitt sárasaklaust læk gerir þig að vitorðsmanni í aðför að öðru fólki, málstað eða málefnum. Fer ekki að verða tímabært að slaka á ofsóknarkenndinni, hætta að sjá djöfulinn í hverju horni og láta læk annarra sem vind um augu þjóta? Þau eru nefnilega oftast algjörlega óhugsað taugaviðbragð í gikkfingrinum, ekki yfirlýsing sem mark er takandi á.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Möguleg viðbrögð

Stjórnarandstaðan brást ókvæða við yfirlýsingum forsætisráðherra um helgina um að hún myndi ekki hika við að ljúga til að gagnrýna boðaðar skuldatillögur ríkisstjórnarinnar sem kynntar verða á föstudaginn. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði í fréttum Bylgjunnar í gær að Sigmundur Davíð sæi óvini í hverju horni og það væri áður óséð að menn reyndu að þagga niður viðbrögð við tillögum sem ekki séu fram komnar. Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sagði málflutninginn undarlegan og að flokkurinn hefði verið málefnalegur þegar kæmi að þessum málum.



Það hlýtur að verða spennandi að fylgjast með viðbrögðum forsætisráðherra við þessum viðbrögðum stjórnarandstöðunnar um ætluð viðbrögð hennar við mögulegum tillögum sem ekki enn hafa litið dagsins ljós.

### Nýtt ríkisfang borgarstjóra

Jón Gnarr gerði mannanafnanefnd að umfjöllunarefni á Facebook-síðu sinni í gær þar sem hann kvartaði yfir því að útlendingar hefðu það betra en Íslendingar þegar kemur að ættarnöfnum. Borgarstjórinn er ósáttur við að hafa ekki fengið að breyta millinafni sínu formlega úr Gunnar í Gnarr sem og að dóttir hans sem skírð hafi verið Camilla heiti formlega Kamilla. Telur hann vænlegast að leita nýs ríkisfangs þar sem ríkið þurfi að viðurkenna eftirnöfn erlendra manna. Hann lýsir eftir ríki sem er tilbúið að veita honum ríkisfang þar sem hann hafi ekki efni á að fara í dómsmál. Óhætt er að segja að borgarstjóri hafi nokkuð til síns máls í gagnrýni sinni, en mannanafnanefnd hefur átt bágt undanfarin misseri eftir að hafa tapað dómsmáli um lögmæti kvenkynsnafnsins Blær, sem dómstólar dæmdu lögmætt. Áhugavert væri að fá niðurstöðu slíks dómsmáls Jóns Gnarr sem yrði líklegast síðasti naglinn í kistu nefndarinnar ynni hann málið.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Dansaðu þig **í form!**



**Fjölbreyttir tímar** þar sem bæði er dansað ZUMBA Fitness og ZUMBA Toning. Einföld og skemmtileg dansspor.

- **Hefst 3. desember**
- **Þri. og fim. kl. 16:30**
- **Þjálfari: Hjördís Zebitz**
- **Verð kr. 13.900.-**

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

# Er tjón tækifæri?

UMHVERFISMÁL



**Jón Ólafsson**
prófessor við Háskólann á Bifröst.

Þegar flóðbylgja sópaði burtu híbýlum milljóna manna í Suður-Asíu bentu nokkrir spekingar á að hamfarir gætu haft góð áhrif: Þær gætu orðið til að átök á svæðinu vikju fyrir uppbyggingu. Sumir héldu því fram eftir íslenska bankahrunið að í því fælist líka stórkostlegt tækifæri til að endurnýja stjórnmál og stjórnsýslu, jafnvel sjálfa stjórnmálaumræðuna í landinu.

Kannski hefur forsætisráherranum verið hugsað til slíkra hamfara þegar hann upplýsti fundarmenn á ráðstefnu um orkumál á norðurslóðum í haust um tækifærin sem loftslagsbreytingar skapa í norðri: Vissulega eru fyrirséðar afleiðingar hlýnunar á heimsvísu hrikalegar, en tækifæri okkar til að ná auðlindum úr jörðu mega ekki spillast fyrir það.

Margt hefur orðið okkur Íslendingum tækifæri gegnum tíðina: Tvær heimsstyrjaldir, kalda stríðið. Hvers vegna ekki loftslagsbreytingar á sama hátt? Á endanum erum við jú bara smáþjóð.

Í ræðu sinni á ráðstefnunni benti forsætisráðherra á að þetta kynni ef til vill að hljóma eins og þversögn: Fyrst eru allir sammála um að sjálfbærni eigi að vera leiðarstefið á norðurslóðum. En svo eiga allir að vera sammála um að pumpa upp allri olíu, gasi og málmum sem þar er að finna. Hvernig er hægt að vera bæði sjálfbær og gjörnýta óendurnýjanlegar auðlindir?

**➜ Það kann að vera að tjón sé stundum tækifæri, jafnvel að missa allt. En þetta segir maður þó aðeins eftir að skaðinn er skeður.**

Jú, svarið er líklega það sama og við spurningunni hvernig hægt sé að vera giftur mörgum konum: Fyrst einni, svo þeirri næstu. Þannig er hægt að vera margkvæntur án þess að vera fjölkvænismaður. Þetta snýst jú á endanum um tímasetningar. Raðkvæni er ekki fjölkvæni.

Það kann að vera að tjón sé stundum tækifæri, jafnvel að missa allt. En þetta segir maður þó aðeins eftir að skaðinn er skeður. Forsætisráðherra sjálfstæðs ríkis sem hvetur til þess að stuðla fyrst að sem mestu tjóni, telur tjónið geta verið tækifæri og bendir á að hægt sé að taka upp sjálfbærni þegar engir aðrir kostir verða eftir er annaðhvort óábyrgur eða hann metur það svo að orð hans skipti engu máli og að afstaða hans hafi hvorki áhrif á skoðanir annarra né á gang mála. Ætli maður verði ekki bara að vona að það síðara eigi við um okkar mann?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Blautar brækur



HEILSA
**Teitur Guðmundsson**
læknir

Mamman kallar á 10 ára dóttur sína sem hoppar á trampólíninu að koma nú inn að borða. „Meira hvað barnið getur skoppað þetta fram og til baka án þess að lenda í vandræðum.“ Ekki myndi hvarfla að mömmunni að gera þetta í dag, hún myndi örugglega missa það í brækurnar við þessa áreynslu. Reyndar hefur þetta verið allt hið ómögulegasta mál síðustu árin, hún hefur varla mátt hnerra eða hlæja af hjartans lyst af ótta við það sama. Kaupandi innlegg til að vera viss, þrátt fyrir að hún sé ekki á blæðingum. Sérstaklega í ræktinni er þetta hvimleitt því hún verður að vera búin að tæma blöðruna áður en hún fer að djöflast með hinum stelpunum, annars er voðinn vís.

Þarna er um að ræða eitt birtingarform þvagleka sem er algengt hjá konum, sérstaklega eftir barnsburð eða í kjölfar tíðahvarfa með tilheyrandi breytingum í slímhúð. Þetta er sérlega hvimleitt vandamál og oftsinnis lítið rætt, því miður, enda vandræðalegt að geta ekki haldið þvagi. Flestir tengja það við ungbörn með bleyju eða eldra fólk sem hefur misst stjórn, síður við unga og hrausta konu. Þvagleki er tvisvar sinnum algengari að jafnaði hjá konum en körlum og byggir það töluvert á líffærafræði og byggingu grindarbotnsins. Það eru hins vegar margir karlar sem finna einnig fyrir slíkum einkennum, þá sérstaklega þeir sem glíma við blöðruhálskirtilsvanda og hafa farið í aðgerð.

Við þekkjum marga sjúkdóma sem hafa áhrif á starfsemi þvagblöðrunnar og geta leitt til þvagleka, en einna helst eru það taugasjúkdómar eins og Parkinson, Alzheimer, MS-sjúkdómur, heilaáföll, mænuskaði og sykursýki. Ekki má gleyma einfaldari vandamálum, samanber þvagfærasýkingar og hægðatregðu auk neyslu- og hegðunartengdra atriða sem geta ýtt undir þvaglosun og leka. Áfengi, of mikil vökvainntaka, reykingar, offita, koffein, ertandi efni fyrir blöðruna eins og krydd, sykur og sýrur auk lyfja að sjálfsögðu geta haft veruleg áhrif og ýtt undir þann vanda sem fyrir er eða jafnvel skapað hann.

### Haldið leyndum

Þvagleka geta fylgt ýmis vandamál, mörg þeirra vegna ertandi áhrifa þvagsins á húðina, auk innar tíðni þvagfærasýkinga en síðast en ekki síst hinna sálfélagslegu þátta sem geta valdið einangrun og haft veruleg áhrif á líf og líðan viðkomandi. Það er þekkt að þvagleki getur dregið úr áhuga á líkamsrækt og þátttöku í félagslífi, truflað svefn og einbeitingu auk þess að hafa áhrif á nánd og samlíf af ótta við að missa þvag. Það er því ljóst að til mikils er að vinna að reyna að leysa þennan vanda sem oftar en ekki er haldið leyndum og ætti þvert á móti að hvetja bæði konur og karla til að ræða þessi vandamál við lækni eða annan fagaðila.

Nauðsynlegt er að fá rétta greiningu og aðstoð því í mörgum tilvikum er hægt að meðhöndla eða jafnvel lækna þvaglekann, en honum er skipt upp í nokkur form eftir alvarleika hans og tekur meðferðin mið af því. Í sumum tilvikum duga einfaldar æfingar, en stundum þarf aðgerð og lyfjameðferð til að ná viðunandi árangri. Konur og karlar ættu að ræða þetta opinskátt og læknar þurfa að vera meðvitaðir, en þar sem vandinn er bæði vangreindur og sjaldan ræddur eru tölur nokkuð á reiki með tíðni. Talið er að allt að 65% kvenna og allt að 40% karla finni fyrir slíkum einkennum á lífsleiðinni og augljóslega eiga hæstu tölurnar við elsta hópinn. Þá er talið að minna en helmingur þeirra sem glíma við slíkan vanda leiti sér aðstoðar og einnig að stór hópur viðurkenni hann alls ekki.

Þá er einnig áhugavert að vita að einfaldasta leiðin til að hindra eða bæta þvagleka eru grindarbotnsæfingar, en fæstar konur gera þær reglubundið, hvað þá karlar. Rannsóknir hafa sýnt að allt að þriðjungur þeirra sem þó gera slíkar æfingar gerir þær vitlaust, svo við eigum enn langt í land að því er virðist og er mikilvægt að kenna þær. Vitundarvakningar er þörf að mínu viti, því leitun er að jafn einföldu og ódýru úrræði sem getur haft jafn afgerandi áhrif á líf og líðan einstaklinga og grindarbotnsæfingar.

> Þarna er um að ræða eitt birtingarform þvagleka sem er algengt hjá konum, sérstaklega eftir barnsburð eða í kjölfar tíðahvarfa með tilheyrandi breytingum í slímhúð.

# Fræið blómstraði og sáði mörgum nýjum fræjum



MENNING
**Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir**
varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði og fulltrúi í fræðsluráði Hafnarfjarðar

Í ár fer í gang undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina í 18. sinn. Þetta litla verkefni sem hófst í Hafnarfirði á degi íslenskrar tungu fyrir 18 árum er orðið að stóru fyrirtæki í dag sem þjálfar 12 ára börn um allt land í því að standa á sviði fyrir framan hóp af fólki og flytja texta og ljóð. Fyrir 9 og 12 ára börn er það heilmikil áskorun en Litla upplestrarkeppnin varð að veruleika fyrir 2 árum fyrir yngri hópinn. Fyrir lýðræðislegt samfélag er mikilvægt að börn komi út úr skólakerfinu sem einstaklingar sem treysta sér til að eiga samtal og rökræður eða geta bara flutt litlar tækifærisræður.

Við það hjálpaði Stóra upplestrarkeppnin einmitt dóttur minni sem tók þátt þegar hún var í 7. bekk í Lækjarskóla í Hafnarfirði. Skólastjórinn hennar fékk Gunnar Eyjólfsson stórleikara til að aðstoða börnin við undirbúninginn og gaf það dóttur minni veganesti sem mun endast henni alla ævina. Hún vann upplestrarkeppnina það árið og í kjölfarið hefur hún fengið tækifæri til að koma fram á margvíslegum vettvangi. Frá því hún byrjaði í framhaldsskóla hefur hún verið í ræðuliði skólans og síðastliðið vor komst liðið í fyrsta skipti í sögu skólans í úrslit Morfís. Það veganesti sem hún fékk í 7. bekk lagði m.a. grunn að því að litla stúlkan mín stóð örugg á sviði Eldborgarsalarins í Hörpu síðastliðið vor og flutti mál sitt af öryggi. Núna er hún orðin oddviti nemendafélags Flensborgarskóla og verða allir vegir færir eftir stúdentsprófið sem hún mun ljúka næsta vor.

> ➜ Skólastjórinn hennar fékk Gunnar Eyjólfsson stórleikara til að aðstoða börnin við undirbúninginn og gaf það minni dóttur veganesti sem mun endast henni alla ævina.

Yngri systir hennar tók þátt í keppninni fyrr á þessu ári. Það var henni töluvert meiri áskorun en systur hennar að standa á sviði og flytja mál sitt fyrir framan stóran hóp af fólki. Gleðin var því þeim mun meiri þegar flutningurinn gekk vel og sjálfstraustið óx.

Börnin sem fá þjálfunina og sjálfstraustið til þess að standa upp og tjá sig verða um leið fyrirmyndir annarra barna og gefa þeim kjark til þess að þora sjálf. Margfeldisáhrifin eru ótvíræð.

Þetta er lítil saga um ávöxt Stóru upplestrarkeppninnar sem mörg börn og foreldrar þeirra eiga svo margt að þakka. Um leið og ég þakka því góða fólki sem gaf mér og mínum börnum svo mikið langar mig að hvetja alla foreldra til að aðstoða börn sín við undirbúninginn þegar að þátttöku kemur í lífi þeirra barna.


## Þróun og horfur næstu ár

**Fundur í tilefni útgáfu ársrits Hagfræðideildar Landsbankans**

**Fimmtudagur 28. nóvember kl. 8:00–10:00 á Hilton Nordica.**




Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka á 2. ársfjórðungi 2013, samkvæmt tölum frá OECD.

**Dr. Daníel Svavarsson,** forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans, kynnir greiningu bankans á þróun og horfum í hagkerfinu til næstu ára.

**Þorvarður Tjörvi Ólafsson,** hagfræðingur á Hagfræði- og peningastefnusviði Seðlabankans, fjallar um efnahagsbatann og nauðsynlega aðlögun.

**Gylfi Arnbjörnsson,** forseti ASÍ, og **Þorsteinn Víglundsson,** framkvæmdastjóri SA, rökræða efnahagsástandið og framtíðina á vinnumarkaði.

**Kristján Kristjánsson,** upplýsingafulltrúi Landsbankans, stýrir fundinum.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




Klukkur Verð frá 39.900,-



DSR plaststóll
39.900,-
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950




DSW plaststóll
54.900,-
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



DAR armstóll
49.900,-
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



Wooden Dolls (22 tegundir)
18.500,- Hönnun: Alexander Girard, 1963



House Bird fuglinn
23.900,-



Hang it all kúluhengi
Sértilboð 29.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1953



Corniches hillur
Lítil 8.900,- Mið 11.900,- Stór 14.900,-
Hönnun: Ronan & Erwan Bouroullec, 2012



Uten Silo vegghirslur
Lítil 39.900,-
Stór 49.900,- Hönnun: Dorothee Becker, 1969



RAR ruggustóll
74.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



Coffee table sófaborð
Verð frá 298.500,- Hönnun: Isamu Noguchi, 1944


Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

# Þjóðin gerir tilraun til valdaráns

STJÓRNARSKRÁ



**Guðmundur Gunnarsson**
stjórnlagaráðsmaður

Í Fréttablaðinu þ. 21. nóvember skrifar Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri leiðara þar sem hann reynir að réttlæta aðgerðir valdastéttarinnar við að koma í veg fyrir að stjórnarskránni verði breytt. Hann gefur ekkert fyrir vilja þjóðarinnar og vitnar ítrekað til helsta baráttumannsins gegn breytingum á hinum „helga gjörningi". Sá var reyndar í stjórnarskrárnefnd, einn höfunda umfangsmikillar skýrslu sem Stjórnlagaráð fór eftir í sinni vinnu í góðri samvinnu við íslenska þjóð sem vakti mikinn áhuga lýðræðissinna um heim allan. Það var afgerandi niðurstaða í þjóðaratkvæðagreiðslunni, 73.509 samþykktu, eða 31% kosningabærra manna, og þeir sem höfnuðu voru 36.302, eða 16% kosningabærra manna.

Aldrei í sögu nokkurs lýðræðisríkis hefur það gerst að valdhafar fari gegn jafn afgerandi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu, þaðan af síður að valdhafar grípi til þess örþrifaráðs að gefa sér atkvæði þeirra sem heima sátu. Í öllum lýðræðislegum kosningum er það niðurstaða þeirra sem mæta á kjörstað sem ræður. Þegar talsmenn íslenskra valdhafa áttuðu sig á að þeir hefðu orðið sér til háðungar um hinn lýðræðislega heim, var gripið til örvæntingarfullra skýringa.

„Þjóðaratkvæðagreiðslan var síðan líka gölluð; þar var spurt spurninga um sum mikilvæg atriði stjórnlaganna en ekki önnur, þannig að hún veitti heldur takmarkaða leiðsögn." Íslenska afbrigðið ef almúginn kýs ekki í samræmi við vilja valdastéttarinnar, þá hefur hann fengið ranga tilsögn.

### Ágreiningur

Ritstjórinn fullyrðir að íslenskur almúgi sé illa að sér umfram það sem gerist í öðrum lýðræðisríkjum. „Eftir þennan skelfilega málatilbúnað var gjörsamlega útilokað að ná samkomulagi um afgreiðslu breyttrar stjórnarskrár á Alþingi fyrir kosningar, enda er stjórnarskrá ekki plagg sem á að afgreiða í bullandi pólitískum ágreiningi." Hvenær hafa breytingar á stjórnarskrá verið afgreiddar án þess að um það hafi verið pólitískur ágreiningur? Talsmenn valdastéttarinnar hafa haldið að almúganum að ástæðulaust sé að umbylta lýðveldisstjórnarskránni því hún sé svo „listilega smíðuð" eins og forseti vor hefur sagt, eða ummæli höfundar Reykjavíkurbréfs um að hún sé „helgur gjörningur", hvorki meira né minna. Hver var skoðun stjórnmálaforingja þegar núverandi stjórnarskrá var borin upp árið 1944?

Eysteinn Jónsson, Framsóknarflokki: „*Við megum ekki taka upp í lög um lýðveldisstjórnarskrá annað en það sem stendur í beinu sambandi við stofnun lýðveldis í stað konungdæmis ... Síðan eigum við að vinna af kappi að því að endurskoða stjórnarskrána í heild og vinna að þeim breytingum sem gera þarf.*"

Stefán Jóhann Stefánsson, Alþýðuflokki: „*... er það skoðun allrar [stjórnarskrár] nefndarinnar að vinna beri hið bráðasta að því að fram fari gagnger endurskoðun á stjórnarskránni*".

Jakob Möller, Sjálfstæðisflokki: „*Þessi fyrirhugaða stjórnarskrá, sem hér um ræðir, er hugsuð og í rauninni yfirlýst sem hrein bráðabirgðastjórnarskrá, þ.e.a.s., jafnframt því sem hún er samþykkt er gert ráð fyrir að stjórnarskrá ríkisins í heild verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar á næstu árum.*"

Brynjólfur Bjarnason, Sósíalistaflokki: „*... nú er það svo að við stofnun hins fullvalda íslenzka ríkis ríður oss öllu framar á þjóðareiningu. ... Þess vegna held ég að flestir séu nú komnir á þá skoðun að það sem gert var með stjórnarskrárákvæðinu 1942 – að takmarka breytingar á stjórnarskránni við það sem leiðir af skilnaði við Danmörku og flutningi æðsta valds inn í landið, með öðrum orðum að útiloka fyrir fram öll þau deilumál sem ágreiningi gætu valdið – hafi verið hið eina rétta.*"

Þetta útskýrir hina „rússnesku kosningu" í þjóðaratkvæðagreiðslunni um sambandsslit og lýðveldisstofnun vorið 1944. Fólk var að kjósa um skilnaðinn við Danmörku. Lýðveldisstjórnarskráin var samin til bráðabirgða. Ólafur Lárusson prófessor í lögum sagði: „*Endurskoðun stjórnarskrárinnar er því eitt af verkefnum nánnar framtíðar. Lýðveldisstjórnarskráin í þeirri mynd sem hún hefur nú, er aðeins sett til bráðabirgða.*"

**➜ Aldrei í sögu nokkurs lýðræðisríkis hefur það gerst að valdhafar fari gegn jafn afgerandi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu, þaðan af síður að valdhafar grípi til þess örþrifaráðs að gefa sér atkvæði þeirra sem heima sátu. Í öllum lýðræðislegum kosningum er það niðurstaða þeirra sem mæta á kjörstað sem ræður.**

Í nýársávarpi sínu 1949 kvartaði Sveinn Björnsson undan seinaganginum og hvatti þingheim og aðra til dáða: „*Og nú, hálfu fimmta ári eftir stofnun lýðveldisins, rofar ekki enn fyrir þeirri nýju stjórnarskrá, sem vér þurftum að fá sem fyrst og almennur áhugi var um hjá þjóðinni og stjórnmálaleiðtogunum, að sett yrði sem fyrst. Í því efni búum vér því ennþá við bætta flík, sem sniðin var upprunalega fyrir annað land, með öðrum viðhorfum, fyrir heilli öld. ...Vonandi dregst eigi lengi úr þessu að setja nýja stjórnarskrá.*"

Það var einhugur um lýðveldisstjórnarskrána, en sá einhugur snerist um að hún væri einungis til bráðabirgða, en ákvæði hennar tryggja ráðherraræðið og þar er víglínan, hún tryggir nefnilega pilsfaldakapítalismann og helmingaskiptaregluna.

## Faðmlög og fleira á framandi tungum

MENNING



**Halldór Þorsteinsson**
fv. skólastjóri Málaskóla Halldórs

Á ensku er „embrace" bæði nafnorð og sögn og merkir því bæði faðmlög og faðma. Það á uppruna sinn að rekja til latneska orðsins „bracium" = handleggur eins og reyndar fjöldi annarra orða á þeirri tungu. Sama er að segja um ítölsku sögnina „abbracciare" og sömuleiðis þá spænsku „embrazar".

En þegar kemur að frönsku sögninni „embrasser" kemur sitthvað kyndugt og fróðlegt í ljós, sökum þess að hún merkir nú orðið sjaldnast að faðma heldur oftast eða eingöngu að kyssa. Hver kann að vera skýringin á því? Ef til vill sú að eftir að t.d. franskur karlmaður hefur tekið konu í faðm sinn, gengur hann jafnan einu skrefi lengra og getur ekki stillt sig um að kyssa hana, en þar með er ekki öll sagan sögð, vegna þess að koss á frönsku er „baiser" k., en auk þess er til sögnin „baiser", sem verður að flokkast undir ákaflega klámfengið orðbragð og er sambærilegt við íslenska sögn, sem ég tel, lesendur góðir, tæplega prenthæfa hér.

En víkjum nú aftur að kossum áðurnefnda franska karlmannsins. Má ekki álykta sem svo að eftir langa og brennheita kossa sé hann manna líklegastur til að færa sig upp á skaftið ef svo má að orði komast og sé því reiðubúinn til miklu nánari ástaratlota en bara kossa?

Bendir þetta ekki ótvírætt til þess að ástríðulogi Frakka sé langtum heitari en hjá okkur sem búum á norðlægari slóðum?




Ford Transit Custom 2,2TDCi dísil, 100 hö, beinskiptur 6 gíra. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 183 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# Panasonic

## NEO PLASMA SJÓNVARP




**Panasonic TXP50ST60**

**299.990**

VERÐ ÁÐUR **329.990**

## Margverðlaunaður NeoPlasma skjár

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum.**

**2500Hz Focused Field Drive**
Öll myndhreyfing er óaðfinnaleg. Vreal 3D Pro örgjöfinn tryggir alla litaaðgreiningu og með Infinite Black Pro filter verður myndin bjartari, skýrari og þú upplifir meiri myndgæði. High Contrast filter tækni fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum.

**SMART VIERA**
Smart VIERA færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og þú getur horft á sjónvarpið um leið. Með my Home Screen geta allir stillt viðmót sjónvarpsins eins og hentar.

**Swipe & Share 2.0**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort hann byggir á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið þitt.

**Tengimöguleikar**
Margmiðlunarspilari til að skoða og spila allt margmiðlunarefni ásamt Wi-Fi þráðlausum móttakara. Hægt er að skrifa og teikna á skjáinn með snertipenna sem fylgir. Allir helstu tengimöguleikar s.s. 2x USB, 3x HDMI tengi ásamt SD kortalesara.

2500Hz Focused Field Drive · VIERA Connect · Wireless LAN built-in · WEB CONTENT OPTIMIZER · my Home Screen · TOUCH PEN ABC

| TÆKIÐ FÆST EINNIG Í ÞESSUM STÆRÐUM | |
|---|---|
| 42" KR. 219.990 | ÁÐUR 249.990 |
| 55" KR. 379.990 | ÁÐUR 429.990 |

# Sjónvarpsmiðstöðin




RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# Ritstjóri á flugi

LANDBÚNAÐUR



**Ingimundur Bergmann**
formaður Félags kjúklingabænda

Í gein í Fréttablaðinu þann 23. nóvember sl. tekur ritstjóri blaðsins málefni íslenskrar kjúklingaframleiðslu og innflutning á kjúklingakjöti til umfjöllunar. Margt er þar ofsagt og sumt er ekki rétt með farið.

Ólafur Stephensen byrjar grein sína á fullyrðingu um að íslenskir kjúklingaframleiðendur hafi breytt afstöðu sinni til innflutnings á kjúklingakjöti. Hið rétta er að þeir hafa ekki haft neitt með það að gera. Um það var samið á sínum tíma að leyfður yrði innflutningur til landsins á ýmsu kjöti og þar á meðal kjúklingum, til að liðka fyrir að tollar á útflutt íslenskt lambakjöt yrðu felldir niður.

Seinna í greininni setur Ólafur fram þessa fullyrðingu:

„Samt gilda strangari reglur um innfluttan kjúkling en innlendan."

Hafi Ólafur kynnt sér málið, veit hann að fullyrðingin er röng. Kröfur sem gerðar eru til heilbrigðis erlendra kjúklinga eru til þess að þeir komist nær því að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til innlendrar framleiðslu.

Ólafur lýsir yfir mikilli ánægju með að gerðar séu ríkar kröfur um að íslenskir kjúklingar séu lausir við salmonellu. Það kemur skemmtilega á óvart, því greinin gengur að öðru leyti út á að sýna fram á hve nauðsynlegt það sé að heimilaður verði hömlulaus innflutningur á kjúklingakjöti, sem gera verður ráð fyrir að Ólafur viti vel að ekki eru gerðar kröfur um að uppfylli heilbrigðiskröfur í sama mæli og gert er hérlendis. Hvort hinar íslensku kröfur séu réttar og eðlilegar og hvort og hvernig þeim er framfylgt, er hins vegar mál sem hafa má ýmsar skoðanir á.

**➜ Hitt er annað mál að seint verður lögð of mikil áhersla á að matvara á neytendamarkaði sé góð...**

**Heilnæm neysluvara**

Er til að mynda rétt að urða allt kjúklingakjöt sem salmonella hefur borist í? Ólafur bendir réttilega á að hægt sé að gera það að heilnæmri neysluvöru með þeirri einföldu aðferð m.a. að sjóða eða steikja kjötið. Íslendingar hafa valið þann kost að urða slíkt kjöt, líklega vegna þess að þeir telja sig öðrum þjóðum fremri í matvælaframleiðslu, en leitun er að þjóðum sem leyfa sér slíka sóun á verðmætum. Hitt er annað mál að seint verður lögð of mikil áhersla á að matvara á neytendamarkaði sé góð og heilbrigð, laus við óhollar örverur og lyfjaleifar. Íslenskir kjúklingabændur hafa náð að uppfylla þær kröfur með árangri sem þeir geta verið stoltir af, svo sem nýlegar rannsóknir sýna.

Ólafur veður elginn í greininni og lætur sem hann sé að fjalla um málefni sem hann viti allt um, en þegar að er gáð, kemur í ljós að umfjöllun hans gerir í raun ekki annað en upplýsa vanþekkingu, nema að skrifað sé gegn betri vitund. Satt að segja verður að telja það líklegra, því fram til þessa hefur Ólafur verið talinn vel upplýstur um það sem hann hefur valið sér að fjalla um.

Með góðum óskum til ritstjórans sem valdi þann kost að fljúga í átt til sólar og ósk um að hann fari þar ekki of nærri, með kunnum afleiðingum.


ÞAKKARGJÖRÐAR
KALKÚNN
Á HÓTEL CABIN



Hin rómaða þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 28. og 29. nóvember.

Verð í hádegi: 3.100 kr.
Verð á kvöldin: 4.150 kr.

Léttir djasstónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldinu. Borðapantanir í síma 511 6030.

Hotel Cabin


# Halldór Ásgrímsson samdi sjálfur við Bandaríkin

HVALVEIÐAR



**Árni Finnsson**
vann fyrir Greenpeace árin 1987-1996 og fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands frá 1997.

Ótrúlegt þykir mér að lesa barlóm Halldórs Ásgrímssonar í Fréttablaðinu í gær. Staðreynd málsins er sú að Bandaríkjastjórn beitti Ísland miklu meiri þrýstingi vegna hvalveiða en það „lið" sem hann vísar til án þess nefna á nafn. Halldóri þykir henta að kveinka sér undan þessu „liði" en lætur hjá líða að nefna allan þann fjölda samningafunda sem íslenskir ráðamenn áttu með bandarískum starfsbræðrum sínum vegna hvalveiða í vísindaskyni árin 1986-1989 og þá staðreynd að íslensk stjórnvöld – þ.m.t. hann sjálfur - gáfu iðulega eftir gagnvart kröfum Bandaríkjanna og drógu úr veiðunum. Í sumum tilfellum var um algjöra uppgjöf að ræða.

Fyrst hætti sjávarútvegsráðherrann Halldór Ásgrímsson við veiðar á steypireyðum líkt og til stóð í upphaflegri áætlun um veiðar á hvölum í vísindaskyni árin 1986-1989, því næst var kippt út veiðum á 80 hrefnum árlega og síðastar út af lista yfir öflun vísindalegra gagna voru sandreyðar. Árið 1989 voru því bara veiddar langreyðar og fjöldinn skorinn niður í 68 dýr í stað 80. Allt var þetta gert samkvæmt samningum við bandarísk stjórnvöld sem Halldór Ásgrímsson var ábyrgur fyrir.

**Alvarlegt mál**

Hvorki Greenpeace né önnur samtök stóðu að morðhótunum líkt og Halldór Ásgrímsson lætur að liggja í ummælum sínum. Forvitnilegt væri að sjá hvort íslensk stjórnvöld sáu nokkurn tíma ástæðu til að óska eftir rannsókn breskra, bandarískra eða þýskra lögregluyfirvalda á þeim hótunum sem Halldór vísar til líkt og gert var í samvinnu ríkislögreglustjóra við bresku lögregluna þegar Kárahnjúkavirkjun var mótmælt á árunum 2004-2007. Morðhótanir eru mjög alvarlegt mál en hvað Kárahnjúkavirkjun varðar kom í ljós að meintar hótanir náttúruverndarsinna áttu öðru fremur rætur sínar að rekja til bresks lögreglumanns sem gegndi nafninu Mark Kennedy og ku hafa hreiðrað um sig í búðum breskra mótmælenda. Í einhverjum tilvikum ku hreiðurgerð Kennedys ekki hafa verið í samræmi við gæðastaðal bresku lögreglunnar.

**➜ Allt var þetta gert samkvæmt samningum við bandarísk stjórnvöld sem Halldór Ásgrímsson var ábyrgur fyrir.**

Ummæli Halldórs Ásgrímssonar eru ætluð til að beina sjónum manna frá þeirri staðreynd að sú hvalveiðistefna sem hann markaði á 9. áratug síðustu aldar, þjónkun hans við Kristján Loftsson, hefur engum árangri skilað heldur kostað íslenska skattborgara vel á annan milljarð króna. Starfsmenn utanríkisráðuneytisins hafa mátt eyða ómældum vinnustundum í að skýra út fyrir erlendum starfsbræðrum sínum hvers vegna sjávarútvegsráðherra og Kristján Loftsson telja svo brýnt að veiða hvali eða hvað þeir eigi við með nauðsyn þess að halda jafnvægi í lífríki sjávar með veiðum á X fjölda hvala. Allur sá málaflutningur skilaði takmörkuðum árangri og niðurstaða arftaka Halldórs í embætti, Þorsteins Pálssonar, var að eina leiðin til að tryggja vöxt og viðgang þorskstofnsins væri að draga verulega úr veiðum. Í ljós kom að ekki var við hvalinn að sakast.

# Annars flokks sjúkdómur?

HEILBRIGÐISMÁL


**Guðrún Ebba Ólafsdóttir**
**Gunnhildur Bragadóttir**
**Kristín I. Pálsdóttir**
**Þórlaug Sveinsdóttir**
í ráði Rótarinnar


Rótin er félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda og eitt af baráttumálum félagsins er að efla meðferðarúrræði fyrir konur. Félagið stefnir að því að komið verði á fót sérhæfðri meðferð fyrir konur þar sem tekið verður heildstætt á vanda þeirra m.a. hvað varðar úrvinnslu áfalla.

Rótin telur mikilvægt að lagaumhverfi og eftirlit með námi áfengis- og vímuefnaráðgjafa sé skýrt og að lögbundin námskrá fyrir námið sé gerð við fyrsta tækifæri. Við eftirgrennslan hefur komið í ljós að pottur er brotinn hvað varðar umgjörð um menntun fyrir áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Engin námskrá er til og ekki er ljóst hvar ábyrgðin á náminu liggur, þ.e.a.s. hvort það heyrir undir menntamálaráðuneytið eða heilbrigðisráðuneytið. Einnig er óljóst hvaða kröfur eru gerðar til kennara í faginu.

Landlæknir gefur út starfsleyfi fyrir þá ráðgjafa sem lokið hafa námi sem landlæknir metur gilt. Örðugt er að sjá hvernig landlæknir á að geta metið nám gilt sem ekki hefur formlegri ramma en virðist raunin um nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa.

Samkvæmt svari landlæknis við fyrirspurn frá Rótinni hefur embættið ekki gert tillögur um menntunina og hvernig henni skuli hagað, eins og mælt er fyrir um í reglugerð um námið, en að embættið telji nauðsynlegt að „endurskoða þær námskröfur sem gerðar eru til þessarar stéttar og taka þá mið af menntun sambærilegra stétta í nágrannalöndum okkar". Jafnframt kemur fram að sú vinna sé ekki farin af stað.

**Fjölþættur vandi**

Rótin hvetur þá sem koma að þessum málaflokki til að sýna jafnmikinn metnað á sviði lækninga fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga og aðra sjúklinga í landinu. Áfengis- og vímuefnafíkn er flókinn og margþættur vandi, eða eins og segir í klínískum leiðbeiningum Landlæknisembættisins um greiningu og meðhöndlun áfengisvanda í heilsugæslu: „Áfengisfíkn er heilkenni þar sem saman fara sálræn, líkamleg og atferlisleg einkenni."

Hluti af þessum fjölþætta vanda er að gríðarlega hátt hlutfall kvenna sem kemur til meðferðar hefur orðið fyrir ofbeldi. Með hliðsjón af framansögðu teljum við nauðsynlegt að heilbrigðisstarfsmenn sem starfa á meðferðarstofnunum fái menntun um ofbeldi í sínu grunnnámi og að gangskör sé gerð að því að menntun áfengis- og vímuefnaráðgjafa verði bætt og færð inn í 21. öldina. Áfengis- og vímuefnavandi er ekki annars flokks sjúkdómur.

**➜ Samkvæmt svari Landlæknis við fyrirspurn frá Rótinni hefur embættið ekki gert tillögur um menntunina og hvernig henni skuli hagað, eins og mælt er fyrir um í reglugerð um námið...**

Af þessu tilefni hefur Rótin sent ráðherrum mennta- og heilbrigðismála bréf og óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða skólastigi tilheyrir nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa, framhaldsskóla eða framhaldsfræðslu? Heyrir námið undir heilbrigðis- eða menntamálaráðuneyti eða er það á sameiginlegri ábyrgð ráðuneytanna?
2. Er endurskoðun á námi ráðgjafa hafin?
3. Stendur til að fara að tilmælum úr áðurnefndri skýrslu velferðarráðherra um að fræðsla um ofbeldi verði hluti af námi ráðgjafa?
4. Hvaða kröfur eru gerðar til kennara áfengis- og vímuefnaráðgjafa?
5. Stendur til að koma á fót námi í áfengis- og fíkniráðgjöf á háskólastigi?

# Mjúklegur akstur er málið

ALMENNINGSSAMGÖNGUR



**Steindór Steinþórsson**
deildarfulltrúi í akstursdeild Strætó bs.

Nú standa yfir öryggisdagar Strætó bs. og VÍS. Öryggisdagarnir ná yfir sex vikur og eru haldnir til að vekja vagnstjóra til umhugsunar hvað mikilvægt er að sýna öryggi í umferðinni. Það á ekki síst við um að aka mjúklega.

Mikill kostnaður getur fylgt tjónum og slysum hvort sem er á eignum eða fólki, að ekki sé minnst á þá vanlíðan sem slys geta valdið þeim sem í þeim lenda. Kostnaður vegna slysa á fólki getur verið umtalsverður og nægir oft að vagn hemli snöggglega af einhverjum orsökum og farþegi sem ekki er því viðbúinn getur slasast illa.

Starf strætóbílstjóra er mjög krefjandi og er að mörgu að hyggja hvort sem það er utan vagns, það er að segja í umferðinni, eða inni í vagninum sjálfum. Lykilatriði í því að fækka tjónum er að aka mjúklega. Það dregur úr hættunni á því að slys verði á fólki, auk þess sem það gerir strætóferðina mun ánægjulegri.

Tjónum á ökutækjum þar sem strætisvagn á í hlut hefur fækkað verulega síðustu árin. Sem dæmi má nefna að allt árið 2006 voru skráð um 360 slík tjón, sem er um eitt tjón á dag. Árið 2010 voru skráð 157 tjón, 2011 urðu þau 82 og í fyrra voru einungis skráð 72 tjón. Það að ná slysum úr 360 í 72 á örfáum árum er algjör viðsnúningur og í raun hugarfarsbreyting sem við sem störfum hjá Strætó erum afar stolt af. Framangreindar tölur eru bæði hvort sem vagn er í rétti eða órétti.

**➜ Starf strætóbílstjóra er mjög krefjandi og er að mörgu að hyggja hvort sem það er utan vagns, það er að segja í umferðinni, eða inni í vagninum sjálfum. Lykilatriði í því að fækka tjónum er að aka mjúklega.**

Af þessu má ráða að með því að vekja fólk til umhugsunar um kostnað tjóna og slysa og nauðsyn þess að aka með varúð og vera ætíð á „vaktinni" gagnvart öðru samferðafólki í umferðinni virkar, og að sjálfsögðu setjum við öryggið framar öllu hvort sem er á öryggisdögum eða utan þeirra.



**BYRGJUM BRUNNINN**
Samstarfshópurinn Náum áttum heldur fræðslufund á Grand hótel Reykjavík á morgun milli kl. 8.15 og 10. Efni fundarins er Byrgjum brunninn – uppeldi sem forvörn. Nánar á naumattum.is.

# FOOD DETECTIVE-FÆÐUÓÞOLSPRÓF

**GENGUR VEL KYNNIR** *Talið er að allt að 200 einkenni, líkamleg sem andleg, megi rekja til fæðuóþols. Fæðuóþol getur verið mjög lúmskt. Einkennin koma oft ekki fram fyrr en löngu eftir neyslu fæðu og því er erfitt að átta sig á hvaða fæða er sökudólgurinn. Því getur Food Detective sparað tíma og peninga.*

FoodDetective er nýtt byltingarkennt fæðuóþolspróf, hannað bæði til einkanota og fyrir fagaðila. Prófið er mjög einfalt í notkun og sýnir niðurstöður innan 40 mínútna. Ekki er þörf á neinum sérútbúnaði þar sem allur búnaður sem til þarf fylgir hverju prófi ásamt mjög ítarlegum leiðbeiningum. Hver og einn getur keypt prófið og mælt sig sjálfur. Einnig eru margir fagaðilar farnir að selja prófið og gefa góð ráð í kjölfarið.



**INGA KRISTJÁNSDÓTTIR**
næringarþerapisti

„Það er mín skoðun að það verði sífellt mikilvægara að fólk taki ábyrgð á eigin heilsu og leiti eftir hjálpinni þar sem hana er að fá. FoodDetective-óþolsprófið er sannarlega góður vegvísir að mögulegu vandamáli og getur flýtt fyrir að fólk komist á rétta braut í mataræðinu. Það leysir auðvitað ekki allan vanda en getur verið öflugt hjálpartæki í leitinni að betri líðan og heilsu,“ segir Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti.

FoodDetective-fæðuóþolsprófið er hægt að kaupa í gegnum heilsuvefverslunina heilsanheim.is, í Heilsuhúsinu, Lifandi markaði og Lyfju. Í Lyfju í Lágmúla er einnig boðið upp á óþolsmælingu hjúkrunarfræðings mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 11-12 og fimmtudaga kl. 13-15.




**FOOD DETECTIVE**
Nýtt og byltingarkennt fæðuóþolspróf, hannað bæði til einkanota og fyrir fagaðila.



„Ég á 15 ára son sem er með Asperger-heilkenni. Hann hefur alla tíð átt mjög erfitt með m.a. hreinlæti, einbeitingu, samræður við fólk og að skynja tilfinningar annarra. Hann hefur alltaf verið mjög einrænn og þolað illa að gestir komi í heimsókn. Ég hef einnig þurft að keyra hann hvert sem hann fer og meira og minna hugsað um allar hans þarfir.

Síðastliðið sumar fór hann í FoodDetective-óþolspróf og í ljós kom að drengurinn er með óþol fyrir 10 tegundum matvæla og kom þetta mér verulega á óvart. Mér fannst ekki hægt að taka á öllum þessum atriðum í einu svo við sættumst á að taka út allar mjólkurvörur, egg, hveiti og baunir. Þetta voru þau atriði sem skoruðu hæst á testinu og mikilvægast að hann sleppti.

Nú er liðið hálft ár og munurinn er ótrúlegur. Hann er ekki læknaður af Asperger en öll samskipti við hann eru svo miklu auðveldari. Hann treysti sér aldrei áður til að taka strætó en nú fer minn maður einn í strætó, bæði í skólann og heim. Það var með herkjum að ég kæmi honum í gegnum grunnskólann með því að sitja með honum öll kvöld og læra, í dag er hann kominn í framhaldsskóla og er að standa sig mjög vel. Hann á það m.a.s. orðið til að koma fram til mömmu og spjalla. Hann segir mér hvað hann er að lesa á netinu, hann brosir stundum og einstaka sinnum má ég taka utanum hann. Líkamlegar breytingar hafa orðið þær að hér áður fyrr var hann að fá blóðnasir í tíma og ótíma, það hefur nánast hætt og hann þjáðist af mjög miklum höfuðverk, það mikið að ég þurfti að fara með hann til læknis. Í dag fær hann aldrei höfuðverk. Í stuttu máli, finnst mér mjög margt hafa breyst og sérstaklega finnst mér gott að ég næ mun meiri athygli frá honum, hann er einbeittari, hann er ákveðinn og greinilegt að honum líður betur. Við eigum eftir að taka út allar hinar fæðutegundirnar og það verður gert við fyrsta tækifæri.“

***Helga Benediktsdóttir***

## ÓTRÚLEGUR MUNUR

„Nú er liðið hálft ár og munurinn er ótrúlegur. Hann er ekki læknaður af Asperger en öll samskipti við hann eru svo miklu auðveldari. Hann treysti sér aldrei áður til að taka strætó en nú fer minn maður einn í strætó, bæði í skólann og heim.“













# EKKI GLEYMA HOLLUSTUNNI

**HREYFING UM JÓLIN** *Regluleg hreyfing í bland við neyslu á grænmeti og ávöxtum yfir jólahátíðina ætti að skila flestum í ágætu formi á nýju ári. Auðvelt er að skipuleggja góðar samverustundir úti við með fjölskyldu og vinum og ekki má gleyma blessuðu vatninu.*

Fyrir flesta er jólahátíðin tími góðra veitinga og samverustunda með fjölskyldunni. Flestir leyfa sér meira í mat og drykk og borða gjarnan mun meira en á öðrum tímum ársins. Ekki má þó gleyma að hreyfa sig yfir hátíðirnar og auðvelt er að passa upp á mataræðið þannig að hollustan læðist inn með jólakræsingunum. Jólin eru einnig sá tími sem flestir verja með fjölskyldunni og því kjörið tækifæri til að hreyfa sig saman. Fríða Rún Þórðardóttir íþróttanæringarfræðingur segir ótal margt hægt að gera sem sé skemmtilegt og hreyfitengt. „Jólin eru tilvalinn tími fyrir fjölskyldu og vini til að hreyfa sig saman enda margt í boði. Einfaldast er að fara út að ganga, jafnvel að fara niður að tjörn og skoða fuglalífið í leiðinni. Einnig er tilvalið fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu að heimsækja Laugardalinn, Öskjuhlíðina og Elliðaárdalinn en þar er að finna góð göngusvæði.“ Hún bendir auk þess á að fjöldi sundlauga og heilsuræktarstöðva sé opinn yfir hátíðarnar og mögulega líka skíðasvæði. Mikill fjöldi gönguleiða er einnig í boði víðs vegar um landið og skemmtilegt sé að hópa sig saman og stunda útiveru og samvistir í góðum félagsskap. Langflestir hlaupahópar halda úti æfingum yfir hátíðarnar og mörg skipulögð hlaup eru í gangi sem má kynna sér á www.hlaup.is.

### MUNUM AÐ NJÓTA

Þegar kemur að hófsemi í mat yfir hátíðina er mikilvægt að sögn Fríðu Rúnar að gleyma ekki hollustunni. „Það er æskilegt að borða fljótlega eftir að farið er á fætur og miklu máli skiptir að borða trefjaríkan morgunmat sem gefur góða mettunartilfinningu. Nóg af grænmeti með matnum hjálpar við að halda magni af þungu kjöti og sósu innan hóflegra marka. Auk þess er grænmetið líka hollt og næringarríkt. Einnig má benda á ávexti milli mála og sem eftirrétt. Reglubundnar máltíðir eru góð leið til að tryggja að blóðsykurinn haldist í betra jafnvægi og að ekki líði of langt á milli mála sem getur leitt til ofáts. Síðast en ekki síst má benda fólki á að drekka nóg af vatni. Það er alls ekki æskilegt eða nóg að drekka aðallega malt, appelsín og kaffi.“

Þrátt fyrir þessar vangaveltur segir Fríða Rún að mikilvægt sé að muna að hátíðardagarnir eru örfáir yfir árið og um að gera að njóta þeirra sem mest og best saman sem fjölskylda. „Með hæfilegri hreyfingu ættu flestir að geta leyft sér að borða hátíðarmatinn án þess að hlaða utan á sig kílóunum. Munum að njóta eins og við best getum og það má ekki vera með samviskubit yfir að leyfa sér kræsingar.“

Heilsutorg.com í samvinnu við World Class og Toppfara munu kynna og bjóða upp á hreyfitengda viðburði í kringum hátíðarnar sem fylgjast má með á www.heilsutorg.com.

■ starri@365.is



**ÍÞRÓTTANÆRINGARFRÆÐINGUR** „Jólin eru tilvalinn tími fyrir fjölskyldu og vini til að hreyfa sig saman enda margt í boði," segir Fríða Rún Þórðardóttir íþróttanæringarfræðingur. MYND/DANÍEL




## HNETUR LENGJA LÍFIÐ

**Þeir sem gæða sér reglulega á hnetum lifa lengur. Þetta sýna nýbirtar niðurstöður stærstu rannsóknar sem gerð hefur verið á heilnæmi hneta. Niðurstöðurnar birtust í New England Journal of Medicine.**



**Í ljós kom að þeir sem maula hnetur daglega eiga von á lengstum lífaldri og eru einnig líklegri til að aðhyllast heilbrigðan lífsstíl. Rannsóknin stóð yfir í þrjátíu ár og voru þátttakendur 120 þúsund. Eftir því sem hnetur voru oftar innbyrtar því ólíklegra var að þátttakendur dæju drottni sínum meðan á rannsókninni stóð.**

**Þeir sem borðuðu hnetur einu sinni í viku voru 11 prósent ólíklegri til að deyja á rannsóknartímanum í samanburði við þá sem borðuðu aldrei hnetur. Dagleg lófafylli af hnetum drógu úr líkum á dauða um 20 prósent. Greinilegastur ávinningur hnetuátsins voru minni líkur á hjartaáfalli um 29 prósent og 11 prósent minni líkur á dauða af völdum krabbameins.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



BÍLAR
ÞRIÐJUDAGUR 26. NÓVEMBER 2013




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SÓTMENGUN DÍSILBÍLA VANMETIN

**Ný rannsókn Vegagerðarinnar sýnir að hlutfall malbiks í svifryki hefur lækkað úr 55% niður í 17% en hlutfall sóts úr 7% í 30%.**

Á hverju hausti verður mikil umræða um svifryk á höfuðborgarsvæðinu því á þeim tíma skipta bíleigendur yfir á vetrardekk og sumir þeirra á negld dekk. Nagladekkin eiga vænan hlut í þeirri svifmengun sem mælist og því eðlilegt að mælt sé á móti notkun þeirra þar sem sjaldan sé þörf á negldum dekkjum í höfuðborginni. En það er fleira en nagladekk sem stuðlar að svifryksmengun í borginni og aðrir áhrifaþættir vilja oft gleymast.

**Sótið leysti af uppspænt malbik**

Ný rannsókn Vegagerðarinnar sýnir að hlutfall malbiks í svifryki hefur lækkað úr 55% niður í 17%. Aftur á móti hefur hlutfall sóts farið úr 7% í 30% frá því á árunum 1999 til 2002. Því vegur sót nú nær helmingi meira í svifryki en það malbik sem nagladekk spæna upp. Þessi breyting er nokkuð sláandi og hefur sót étið upp allan þann ávinning sem hlotist hefur af minnkandi notkun nagladekkja. Ástæðan fyrir aukinni sótmengun er talin vera sú að hlutfall dísilbíla hefur stóraukist frá árunum 1999-2002, auk þess sem bílaflotinn hefur stækkað um 28% á sama tíma. Afar skýrt dæmi um þetta má sjá er skoðaðar eru sölutölur nýrra bíla í síðasta mánuði, en í október seldust 231 dísildrifinn fólksbíll en 215 með bensínvél. Dísilbílar voru 52,6%, bensínbílar 43,4% og rafmagns-, tvinn- og metanbílar 4%. Þessar tölur má finna á heimasíðu Umferðarstofu.

**Helmingur nýrra bíla með dísilvél**

Líkja má þeirri breytingu sem orðið hefur í sölu dísilbíla hér á landi við byltingu. Um aldamótin síðustu voru það helst flutningabílar og önnur vinnutæki sem voru með dísilvélum, auk stöku jeppa og pallbíla. Nú er hins vegar svo komið að annar hver seldur fólksbíll er dísilknúinn. Þessi þróun er í takt við það sem gerst hefur í Evrópu og Japan, en í Bandaríkjunum halda bílaframleiðendur og bíleigendur sig enn að mestu við bensínbíla. Sótmengun frá dísilbílum er miklu meiri en frá bensínbílum og það sést best í tölunum áðurnefndu. Mikið er rætt um þá $CO_2$-mengun sem stafar af bensínbílum, en minna rætt um þá sótmengun sem stafar af dísilbílum. Þó er það svo að sótmengunin er mun hættulegri heilsu manna en $CO_2$-mengunin frá bensínbílum. Sót dísilbíla er á lista Evrópusambandsins sem krabbameinsvaldandi efni og víst er að íbúar hérlendis, sem og á meginlandinu, anda að sér síauknu magni sóts og er það talið einn af áhrifaþáttum aukinna öndunarfærasjúkdóma og krabbameins. Eins og hrifning bíleigenda í Evrópu hefur verið á dísilbílum, lítilli eyðslu þeirra og miklum togkrafti hefur minna borið á umræðunni um hversu heilsuspillandi þeir eru.

**Bensínvélarnar nálgast í eyðslu**

Á undanförnum áratug hefur orðið mikil þróun í framleiðslu dísilbíla og eyðsla þeirra hefur minnkað svo undrum sætir. Má segja að dísilvélar hafi náð ákveðnu forskoti á bensínvélar, en það virðist þó vera að breytast aftur. Á allra síðustu árum hefur sams konar þróun orðið á bensínvélum og nú sjást slíkar vélar sem eru jafnokar dísilvéla í eyðslu. Því gæti sú þróun, sem orðið hefur á sl. 10-15 árum þar sem helmingur allra seldra nýrra bíla er dísildrifinn, hafa náð ákveðnu hámarki og bensíndrifnir bílar vinni aftur á, auk rafdrifinna bíla. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á orsakasamband hækkandi dánartíðni og svifryksmengunar í borgum. Ekki hafa miklar slíkar rannsóknir farið fram á Íslandi en í einni fárra slíkra fannst samband á milli aukinnar asmalyfjanotkunar og svifryksmengunar.



LEGUR OG PAKKDÓSIR
Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 – SÍMI 517 5000







**VOLKSWAGEN CC**

**2,0 L DÍSILVÉL, 140 HESTÖFL**
**Fjórhjóladrif**

**Eyðsla** 5,3 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 140 g/km $CO_2$
**Hröðun** 9,8 sek.
**Hámarkshraði** 214 km/klst.
**Verð** 5.940.000 kr.
**Umboð** Brimborg



Einkar vel formaðar línur leika um þennan laglega bíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SPORTLEGUR Í ÚTLITI OG AKSTRI

## Er með coupé-lagi en samt fjögurra dyra. Er örlítið stærri en Volkswagen Passat en séralítið dýrari.

**VOLKSWAGEN CC**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Volkswagen CC hefur ekki verið í boði ýkja lengi og kom fyrst á markað árið 2008 og hét þá Volkswagen Passat CC. Þetta tvöfalda C stendur fyrir Comfort Coupé en bílar með því lagi eru iðulega mjög sportlegir. Það á við þennan bíl og er hann ansi vænn fyrir augað. CC hefur nú verið aðgreindur frá Passat-bílnum, enda örlítið lengri og breiðari. Eigi að síður er CC ekki miklu dýrari og reyndar vill svo til að CC með 177 hestafla 2,0 lítra dísilvél er ódýrari en Passat með sömu vél, en sá er hins vegar fjórhjóladrifinn. Volkswagen CC sker sig úr meðal coupé-bíla í því tilliti að hann er fjögurra dyra en flestir aðrir tveggja dyra. Vilja reyndar margir meina að ekki ætti að kalla bíl coupé-bíl nema hann sé tveggja dyra, en hvað um það. Volkswagen CC hefur svo til ekkert breyst í útliti frá upphafi og þrátt fyrir að línur hans séu til prýði er ef til vill kominn tími á endurhönnun í takt við nýja tíma.

### Óhætt að mæla með stærri dísilvélinni

Eins og á við svo marga bíla í dag er áhersla lögð á dísilvélar við sölu á CC hjá Heklu og þannig var reynsluakstursbíllinn. Hann var með 2,0 lítra og 140 hestafla dísilvél, en einnig má fá 177 hestafla dísilvél með sama sprengirými. Sú vél er reyndar eyðslugrennri og mengar minna, sem furðu sætir. Það besta er að ekki munar nema 150.000 á þessum útfærslum – 140 hestafla úgáfan kostar 5.940.000 kr. en sú 177 hestafla 6.090.000 kr. Það færi því ekki á milli mála í tilfelli undirritaðs hvor þeirra yrði fyrir valinu. Volkswagen CC má einnig fá með 1,8 lítra og 160 hestafla TSI-bensínvél og er hann þeirra dýrastur á 6.140.000 kr. Því er ekki nema vona að öll áherslan sé lögð á dísilbílana, en þeir falla í mun lægri tollflokk vegna lítillar mengunar þeirra og skýrir það lægra verð þeirra. Örðugt reyndist hins vegar að ná uppgefinni eyðslu bílsins við reynsluakstur og á það við um alltof marga bíla. Var meðaleyðsla hans ávallt á milli 9 og 10 lítrar, en hafa skal í huga að kalt var í veðri.

### Góðar dísilvélar og sportlegur akstur

Akstur CC-bílsins með þessari minni dísilvél er ótrúlega ljúfur og það merkilega er að þessi vél er nægilega öflug fyrir bílinn, þó svo viljinn hafi enn frekar staðið til öflugri dísilvélarinnar. Akstursieginleikar bílsins eru eins og vænta mátti með Volkswagen-bíl hreint ágætir og henda má honum hratt í beygjur án þess að beri á undirstýringu. Þó varð reynsluaksturinn nokkuð takmarkaður við afar slæma færð í höfuðborginni þar sem mikil hálka var þessa helgi og því erfitt að ná því besta út úr bílnum. Það kom á óvart að þrátt fyrir að bíllinn liggi nokkuð neðarlega á vegi tók hann aldrei niðri á hraðahindrunum bæjarins og má þakka það góðri fjöðrun hans, sem í leiðinni fer afar vel með farþega. Eiginleikar bílsins ríma ágætlega við útlit bílsins, sem sagt sportlegir og hefði annað aðeins verið úr takti og valdið vonbrigðum. Sjö gíra DSG-skiptingin er eins og ávallt frábær og skilar afli vélarinnar fimlega og átakalaust.

### Aftursætisrými líður fyrir coupé-lag bílsins

Einn af stórum kostum þessa bíls er flott innrétting. Hann klórar hressilega í lúxusflokk bíla með sína vönduðu og vel smíðuðu innréttingu og ekki versnar það ef valin er mjög smekklega Ambiente-útfærsla hennar. Þá er hann eins og sannur lúxusbíll og gefur ekkert eftir flottum innréttingum í Audi, BMW og Benz. Þarna gerir Volkswagen ávallt vel. Flott efnisval og greinilega góð smíði innréttinga er reyndar vörumerki Volkswagen. Framsætin eru góð og þau eru rafstýrð að öllu leyti nema því að þau renna fram og aftur

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

**KEMUR Á ÓVART**
- Mikið afl og tog dísilvélarinnar
- Frábær, vel stillt fjöðrun
- Skert höfuðrými í aftursæti

**⬇**
- Aftursætisrými
- Skottrými

**⬆**
- Akstурseiginleikar
- Vönduð innrétting





Innrétting Volkswagen CC er eins og við mátti búast, stílhrein, falleg og vel smíðuð.



með handafli. Aftursætin eru líka þægileg en líða fyrir coupé-lag bílsins og því er ekkert sérlega rúmt um farþega þar, einkum hvað varðar höfuðrými. Farangursrými bílsins er þokkalega stórt en vænta má stærra rýmis í svo stórum bíl sem CC er. Það kom dálítið á óvart að ekki var hiti í sætum, sem hefði komið sér vel á köldum dögum reynsluakstursins og miðstöðin er ekki hitastillt heldur með gamla laginu. Að öðru leyti er bíllinn vel búinn staðalbúnaði.

**Freistandi að velja fallegustu útfærsluna**

Flestir eigendur Volkswagen CC kaupa hann vegna sportlegs útlits og flottra lína sem leika um bílinn, en þeir verða heldur ekki sviknir af aksturseiginleikum né fallegi innréttingu bílsins. Mjög freistandi er að bæta R-line-útlitspakkanum við en með honum er kominn einstaklega sportlegur bíll sem sker sig úr fjöldanum. Erfitt er líka að standast það að taka hann með dýrustu og fallegustu innréttingunni sem sannarlega er þess virði, en þá er líka kominn bíll sem stendur jafnfætis bílum lúxusmerkjanna en er samt talsvert ódýrari. Óhætt er að mæla með öflugri dísilvélinni, ekki síst í ljósi þess að hún er sáralítið dýrari en sú aflminni, sem og bensínútfærsla hans.



Honda NSX ætti að verða gríðarlega öflugur bíll.

# Honda NSX með 3 rafmótora og 2 forþjöppur

**Ein venjuleg brunavél fer að verða sjaldséð í bílum og rafmótorar leika æ stærra hlutverk í nýrri gerðum þeirra. Þó slá þeir fæstir við næstu gerð Honda NSX sem vopnaður verður einum þremur rafmótorum og að auki tveimur forþjöppum.**

Samt verður í bílnum 3,5 lítra V6 vél, svo eitthvað ætti hann að komast áfram. NSX-bíllinn verður fjórhjóladrifinn og ný gerð hans kemur árið 2015 eftir 10 ára framleiðsluhlé. Hann verður með tveggja kúplinga skiptingu, en fjöldi gíra er ekki ljós þótt líklegt sé að hún verði 7 eða 8 þrepa.

Nánari upplýsinga er að vænta af þessum bíl á blaðamannadögum Tókýó-bílasýningarinnar, sem nú er hafin. Honda framleiddi NSX-bílinn frá 1990 til 2005 en hætti þá framleiðslu hans við litla hrifningu bílaáhugamanna þar sem hann hefur þótt afar skemmtilegur sportbíll.
Nú getur fólk aftur farið að láta sig dreyma. Síðustu árgerðirnar af NSX voru skráðar fyrir 290 hestöflum þótt margir héldu því fram að bíllinn væri mun öflugri, en Honda vildi þó ekki gefa upp hærri tölu til að hlíta reglugerðum.

*Er tímareimin komin á tíma?*
**Tímareimatilboð** í nóvember og desember

bílaverkstæði
VÉLALAND

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Verðdæmi um tímareimaskipti

Skoda Octavia 1,9 dísil. Árgerð 2004-2010
Heildarverð, varahlutir og vinna: 77.348 kr.
**Tilboðsverð: 69.614 kr.**

Hyundai Santa Fe 2,2l dísil. Árgerð 2006-2010
Heildarverð, varahlutir og vinna: 86.843 kr.
**Tilboðsverð: 78.159 kr.**

Subaro Legacy 2,0 4 ásar. Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 98.020 kr.
**Tilboðsverð: 88.218 kr.**

Volkswagen Golf 1,6l. Árgerð 2004-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 77.715 kr.
**Tilboðsverð: 69.944 kr.**

Chevrolett Lacetti 1,8l. Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 63.620 kr.
**Tilboðsverð: 57.258 kr.**

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)



*Gerðu verðsamanburð - Pantaðu tíma*

**Við erum á 3 stöðum!**

Við erum á **Bíldshöfða 8,** rétt hjá Mazda og Citroën.

Við erum í **Jafnaseli 6,** við hliðina á Krónunni og Sorpu.

Við erum í **Dalshrauni 5,** við hliðina á Actavis.

Vélaland: Bíldshöfða 8, Dalshrauni 5 og Jafnaseli 6 | sími 515 7170 | velaland@velaland.is

# Porsche 918 Spyder ennþá sneggri

Allar uppgefnar tölur frá Porsche um hinn nýja 918 Spyder-bíl eru betri en framleiðandinn hafði áður gefið upp um bílinn. Porsche hefur undanfarið verið að stilla bílinn áður en fyrstu eintök hans verða afhent nýjum eigendum. Við það kemur í ljós að hann er aðeins 2,6 sekúndur í hundraðið, en ekki 2,8 sekúndur sem Porsche hafði áður gefið upp. Hann er 7,2 sekúndur í 200, ekki 7,7 sekúndur og 19,9 sekúndur í 300, en ekki 22,0 sekúndur. Allt er þetta uppávið og ætti að gleðja þá sem pantað hafa bílinn. Enn fremur eru rafmótorar bílsins öflugri en áður hafði verið uppgefið, en ef aðeins þeim er beitt kemst bíllinn í 100 km hraða á 6,2 sekúndum, eða 0,7 sekúndum hraðar en áður var uppgefið. Þessi ofurbíll á sem kunnugt er besta tíma sem náðst hefur á Nürburgring-brautinni, eða 6,57 sekúndur og er það ekki til að draga úr gleði tilvonandi kaupenda. Þar sló hann við mun dýrari bíl sem einnig er að koma á markað, McLaren P1. Þrátt fyrir allt þetta afl er uppgefin eyðsla 918 Spyder aðeins 3,1 lítri og mengun frá honum 72 g/km.


Porsche 918 Spyder er sannkallaður ofurbíll.


Flott kókflöskusæti í Mondeo.

# Ford Mondeo með sæti úr kókflöskum

Með ýmsum hætti er hægt að vera umhverfisvænn og bílafyrirtækin láta ekki sitt eftir liggja. Einnig er það vel við hæfi að sætin í hinum umhverfisvæna Ford Mondeo Plug-in Hybrid skuli vera úr umhverfisvænum efnum, nánar tiltekið endurunnum kókflöskum. Samt eru þau ári flott. Endurunnu kókflöskurnar eru reyndar líka í hliðarklæðningum bílsins og teppum og hjálpa þar mikið við að deyfa veghljóð.

Þetta er í fyrsta skipti sem endurunnar kókflöskur eru notaðar í bílaframleiðslu og kemur það kannski ekki svo mikið á óvart. Ford segir að þetta sé enn eitt skrefið sem fyrirtækið tekur í átt til umhverfisverndar. Sojabaunafroða er einnig notuð í stað svamps í setur sæta bílsins og hefur Ford reyndar gert slíkt frá árinu 2007.

Ford segir að notkun kókflasknanna og sojabaunafroðunnar spari margan hráolíulítrann og ef slíkt væri notað í alla Ford-bíla framleidda í Bandaríkjunum myndu sparast 1,12 milljónir lítra af hráolíu. Hvað þá ef allir bílaframleiðendur heims gerðu slíkt hið sama!


Mikils er vænt af Mazda3.

# Mazda væntir metsölu í Bandaríkjunum næstu 2 ár

Uppgjörsár Mazda, eins og margra japanskra bílaframleiðenda, endar í mars og það stefnir í 300.000 bíla sölu í Bandaríkjunum. Mazda stefnir hins vegar á að ná 400.000 bíla sölu árið 2015 og fer úr 1,9% markaðshlutdeild í 2,5% þar vestra. Hinir þrír nýju bílar fyrirtækisins, Mazda3, Mazda6 og Mazda CX-5-jepplingurinn eiga að leika stóra hlutverkið í þessari auknu sölu og miðað við móttökur þeirra má fullt eins búast við að þetta markmið Mazda náist.

Þar á nýjasti bíllinn, Mazda3, að skila mestri sölu enda þeirra ódýrastur. Forstjóri Mazda segir að það verði ekki aðferðafræði fyrirtækisins að gefa mikinn afslátt af bílum sínum og frekar sætti það sig við minni sölu.

Ef Mazda nær markmiðum sínum slær fyrirtækið sín eigin met í Bandaríkjunum.



KIA
The Power to Surprise

Kia Sorento er einhver áhugaverðasti og hagkvæmasti kosturinn í jeppakaupum.
Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð á nýjum Kia Sorento,** svo hún gildir til ársins 2020.

**Nokkrir kostir Kia Sorento:**

- **197 hestafla dísilvél, eyðir frá 6,7 l/100 km**
- **Sex þrepa sjálfskipting**
- **LED-ljós að framan**
- **Frábærir aksturseiginleikar**
- **Fáanlegur með bakkmyndavél**
- **Mjög rúmgóður**
- **Fáanlegur sjö sæta**

**Komdu og reynsluaktu glæsilegum Sorento.
Sölumenn okkar eru í samningastuði!**

**Verð frá 7.350.777 kr.**

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Wilson's PIZZA

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ



**Stór Pizza**

**2 áleggstegundir**

# 999

ef þú sækir

PANTAÐU Á NETINU

**581 15 15 wilsons.is**

Ánanaustum | Gnoðavogi 44 | Eddufelli 6 | Vesturlandsvegi | Brekkuhúsum

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Verslun



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, Fleshlight fyrir hann o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort.Sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Fullbúin flott 3ja herb. íbúð með húsg. innbúi, í tvíbýli náægt sundlaug og verslunarkjarna í vesturbæ Kóp. Til lengri eða skemmri tíma. Eingöngu ábyggilegum/reglusömum S: 896 6306.

Íbúð á Mánagötu til leigu. 2ja herb. 50 fm., fín íbúð á annarri hæð með sameiginlegum inngangi. Aðeins rólegt og reglusamt fólk kemur til greina, meðmæli. 130.000 á mánuði, fyrsti og síðasti mán. gr. fyrirfram.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU AUÐBREKKU 25 (GAMLA TOYOTAHÚSIÐ)**
150 - 1500 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Höfum einnig til leigu skrifstofur frá 20 fm
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU SKRIFSTOFUR MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU NÝBÝLAVEGI 8 (GAMLA TOYOTAHÚSIÐ)**
20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 853 1193 & 773 3933.

**VEITINGAHÚSIÐ HORNIÐ**
Þjónar óskast, vetingahúsið Hornið óskar eftir að ráða þjóna í kvöld og helgar vinnu. Þarf að geta byrjað strax Sendið inn umsókn á hornid@hornid.is

## Atvinna óskast

Smiður og trésmiður leitar að vinnu. Ég er á bíl og á eigin verkfæri. s. 7718013.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Heitasta upptakan! Kamilla hjá SexyIceland.com hljóðritaði sjálfa sig fyrir Rauða Torgið. Upptakan er frábær og endaspretturinn alveg magnaður! Hlustaðu núna í s. 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8307.

Lífsglöð kona á góðum aldri leitar tilbreytingar. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8297.

Karlmaður, leitar þú kynf. tilbreytingar? 100% leynd, nýjar auglýsingar daglega í s. 905-2000 og 535-9920.

## tilkynningar

MOSFELLSBÆR — Lágafellsskóli

### Lágafellsskóli
### Störf skólaliða í Lágafellsskóla

Laus eru til umsóknar störf tveggja skólaliða í Lágafellsskóla. Um er að ræða ræstingu, gæslu með nemendum og aðstoð í matartíma nemenda. Daglegur vinnutími frá kl. 07:50 –14:00.

Leitað er að starfmönnum sem hafa frumkvæði, eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og leiknir í mannlegum samskiptum.
Ráðið verður í störfin frá 1. desember 2013 og frá 1. janúar 2014.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stamos.
Nánari upplýsingar um starfið veitir skólastjóri í síma 5259200.
Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Jóhönnu Magnúsdóttur skólastjóra á netfangið johannam@lagafellsskoli.is.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Linnetsstígur - Hfj. „penthouseíbúð"

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 -18.00**






**„Penthouseíbúð" í hjarta miðbæjarins.**
Stórglæsileg og óvenju vönduð 157,4 fm penthouse íbúð ásamt tveimur sér stæðum í bílageymslu í nýlegu frábærlega staðsettu lyftuhúsi í hjarta miðbæjar Hafnarfjarðar. Eignin er byggð árið 2005 og hefur aldrei verið búið í eigninni. Innréttingar eru í hæsta gæðaflokki. Gegnheilt parket. Hjónasvíta með baðherbergi og fataherbergi inn af. Stórar stofur með útgengi út á mjög stórara svalir sem liggja meðfram allri íbúðinni. Útsýni yfir miðbæinn og beint út á Thorsplanið.
**Eignin er laus nú þegar. Verð 65,0 millj.**
**Íbúð merkt 0401. Verið velkomin.**

### Birkigrund 49 - Kópavogi

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 -18.00**






Glæsilegt og mikið endurnýjað 286 fm. pallabyggt einbýlishús auk 32 fm. bílskúrs á þessum vinsæla og eftirsótta stað við Fossvogsdalinn. Frábært fjölskylduhús með 6 herbergjum (möguleiki að bæta við). Eign sem hentar vel barnmörgum fjölskyldum. Frábær útivistarsvæði innan göngufæris.
Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförnum árum að innan m.a. öll baðherbergin, eldhúsið, allar innihurðar og hluti af gólfefnum. Allar innréttingar og hurðir eru sérsmíðaðar. Þá var þakið endurnýjað árið 2010 ásamt niðurföllum og rennum.
**Verð 78,0 millj.**
**Verið velkomin.**

## fasteignir

### FOSSHÁLS - Fyrir fjárfesta



**Til sölu glæsilegt 814,3 fm. verslunarhúsnæði á jarðhæð á mjög góðum stað við Fossválsinn.**

Húsnæðið selst með 10 ára leigusamningi. Traustir leigutakar. Húsnæðið er bjart, vel skipulagt með mikilli lofthæð og góðum verslunarfrontum. Húsið er í mjög góðu ástandi utan sem innan.

**Allar nánari upplýsingar á Ásbyrgi fasteignasölu.**

**ÁSBYRGI ehf** Sími 568 2444
ÁSBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík
Ingileifur Einarsson Löggiltur fasteignasali.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**LÁRA J. ÁRNADÓTTIR**

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 13. nóvember. Hún verður jarðsungin fimmtudaginn 28. nóvember kl. 13.00 frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

**Sigurjón Jóhannsson** **Gyða Hauksdóttir**
**Árni Jóhannsson** **Dagfríður Jónsdóttir**
**Magnús Finnur Jóhannsson**
**Margrét Nanna Jóhannsdóttir** **Karl Ísleifsson**
**Jóhann Jóhannsson**
**og ömmubörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**DAVID E. BOATWRIGHT**
**Myrtle Beach, South Carolina, Bandaríkjunum,**

andaðist laugardaginn 23. nóvember síðastliðinn. Útför hans fer fram laugardaginn 30. nóvember í Conway SC.

**Helen Kuszmaul** **Brad Kuszmaul**
**Jónína Chamberlain** **Jon Chamberlain**
**Sigrún Boatwright** **Halldór Ingi Haraldsson**
**David Jóhann Boatwright** **Lenna Boatwright**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR PÁLL EINARSSON**
**Völusteinsstræti 18, Bolungarvík,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, sunnudaginn 24. nóvember. Útförin fer fram frá Hólskirkju laugardaginn 30. nóvember, kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hólskirkju í Bolungarvík.

**Kristín Marsellíusdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Þökkum innilega samúð og vinarhug við fráfall kærs föður okkar,

**HUGA KRISTINSSONAR**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á dvalarheimilinu Hlíð og Hestamannafélagið Léttir.

**Anna Guðrún Hugadóttir**
**Hjalti Hugason** **Ragnheiður Sverrisdóttir**
**Kristinn Hugason** **Guðlaug Hreinsdóttir**

WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS


571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

Nóvembertilboð
30% afsláttur af íslensku blágrýti
eingöngu af legsteinum á lager
Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum
Mikið úrval
Gerið verðsamanburð
10% staðgreiðsluafsláttur

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - sími 587 1960 - www.mosaik.is



Móðir mín, tengdamóðir, amma okkar og langamma,

**BELLA SIGURJÓNSSON**
**Hringbraut 48, síðar Lindargötu 57,**

er látin. Jarðarförin fer fram föstudaginn 29. nóvember kl. 15.00 frá Kirkju Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Ásabraut 2, Garðabæ.

**Sigurjón Helgi Kristjánsson**
**Jane Kristjánsson**
**Angelica Eve Kristjánsson**
**Benjamín Helgi Kristjánsson**
**Auðbjörg Stella Eldar**
**Ellen Mjöll Ronaldsdóttir**
**Jóhanna Bella Ronaldsdóttir**
**Edda Rós Ronaldsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Elskuleg dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR MARGRÉT HREIÐARSDÓTTIR**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð laugardaginn 23. nóvember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 28. nóvember kl. 13.30. Okkar hjartans þakkir færum við starfsfólki Beykihlíðar fyrir hlýju og frábæra umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnheiður María Pétursdóttir**
**Ragnheiður María Harðardóttir** **Hermann Stefánsson**
**Katrín Harðardóttir** **Jóhann Þór Sigurvinsson**
**Kolbrún Harðardóttir** **Sigurbjörn Rúnar Björnsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,

**ÞORBJÖRN RÚNAR SIGURÐSSON**
**tannsmiður,**
**Tungubakka 24, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 23. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Kristrún Haraldsdóttir**
**Haraldur Þorbjörnsson** **Kristín Hrönn Þráinsdóttir**
**Daði Þorbjörnsson** **Eydís Salóme Eiríksdóttir**
**Svanbjörg Sigurjónsdóttir** **Sigurður Jóhann Þorbjörnsson**
**Björk, Rúnar, Baldur, Brynjar og Arnaldur**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT STEINUNN ELLERTSDÓTTIR**
**Núpalind 8, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 17. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á deild 11E og hjá Karitas. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Karitas eða Minningarsjóð krabbameinslækningadeildar Landspítalans.

**G. Örn Guðmundsson**
**Elín Lind Arnardóttir** **Trevor Hodgson**
**Arndís Dögg Arnardóttir**
**Tinna Björk Arnardóttir** **Peter Clark**
**Esja May Hodgson og Sóla May Hodgson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ZOPHONÍAS FRÍMANNSSON**
**bóndi og sjómaður**
**frá Syðsta-Mó í Fljótum,**

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar fimmtudaginn 14. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar fyrir hlýhug og yndislega umönnun.

**Sigurbjörg Sveinsdóttir**
**Guðrún Svana Zophoníasdóttir** **Hallgrímur Bóas Valsson**
**Hilmar Þór Zophoníasson** **Svanfríður Pétursdóttir**
**Sveinn Heiðar Zophoníasson** **Ingibjörg María Ólafsdóttir**
**Gunnar Valur Zophoníasson**
**J. Harpa Hrönn Zophoníasdóttir** **Páll Sigurþór Jónsson**
**Hlynur Örn Zophoníasson** **Helga Lind Sigmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINN JÓHANNSSON**
**múrari og trommuleikari,**
**frá Akranesi,**

lést á öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, föstudaginn 22. nóvember. Hann verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju fimmtudaginn 5. desember kl. 14.00.

**Jóhann Kiesel** **Vigfúsína Pálsdóttir**
**Guðmundur S. Sveinsson** **Alda Haraldsdóttir**
**Sigríður K. Sveinsdóttir**
**Margrét Sveinsdóttir**
**Bjarni J. Sveinsson** **Elzbieta Pawiuczuk**
**Berglind Sveinsdóttir** **Pálmi Árnason**
**Sveinbjörg Sveinsdóttir** **Kristinn Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, tengdasonur og afi,

**EINAR SIGURÐSSON**
**matreiðslumeistari**
**Svöluási 1a, Hafnarfirði,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 22. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Fanney Ottósdóttir**
**Halldóra Einarsdóttir** **Hólmar Egilsson**
**Einar Einarsson** **Björg Össurardóttir**
**Helgi Einarsson** **Helga Íris Ingólfsdóttir**
**Halldóra M. Sæmundsdóttir**
**og barnabörn.**



Okkar ástkæra

**SIGRÍÐUR HALLA EINARSDÓTTIR**
**Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 17. nóvember, verður jarðsungin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 28. nóvember kl. 13.00. Starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Nesvalla eru færðar hugheilar þakkir fyrir alúð og umhyggju.

**Auður Ingvarsdóttir** **Snorri Gestsson**
**Hildur Ingvarsdóttir** **Leifur V. Eiríksson**
**Björg Ingvarsdóttir** **Snæbjörn Sigurðsson**
**Rósa Ingvarsdóttir** **Ólafur Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir mín, amma okkar og langamma,

**ÓLAFÍA STEFANÍA ÍSFELD,**
**Engihjalla 3, Kópavogi,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjartadeild Landspítalans 18. nóvember. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á SOS barnahjálp. Útförin fer fram frá Hjallakirkju, Kópavogi, föstudaginn 29. nóvember kl. 3.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Tryggvina Sigríður Herbertsdóttir Ísfeld**
**Guðjón Bjarni Sigurjónsson**
**Íris Hrönn Sigurjónsdóttir og Guðmundur Ingi Kjerúlf**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og dóttir,

**RAGNHEIÐUR G. RAGNARSDÓTTIR**
**Bragavöllum 9, Keflavík,**

lést á Landspítalanum föstudaginn 22. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 5. desember kl. 13.00.

**Albert Óskarsson**
**Ragnar Gerald Albertsson**
**Aron Ingi Albertsson**
**Hrannar Már Albertsson**
**Ragnar Gerald Ragnarsson** **Guðrún Árnadóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

6th sense INDUCTION

Whirlpool

SENSING THE DIFFERENCE



## HÉR ER SPANSUÐU HELLUBORÐ MEÐ HÁÞRÓAÐRI NÆMNI FYRIR SKILVIRKNI

Nýja **6th SENSE** spansuðu helluborðið setur ný viðmið þegar kemur að eldunartíma og orkuntotkun. Þegar vatn er soðið, stilla skynjarar 6TH SENSE tækninnar orkugjöfina þannig að vatnið nái suðupunkti mjög hratt. Sérstök hljóðmerki gerir þér viðvart þegar vatnið er soðið en þá er hitinn lækkaður sjálfvirkt til að viðhalda hitastigi vatnsins. Svo þú þarft ekki að gera neitt! Getur þú hugsað þér einfaldari og þægilegri leið til að draga úr orkunotkun sem nemur allt að 30%?* Allt þetta er einungis mögulegt hafir þú **6th SENSE**.

*Í samanburði við Whirlpool spansuðu helluborð án 6th SENSE á suðustillingu.

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500





KL. 20:15 Á FULLU GAZI

Sigríður Elva og Finnur Thorlacius stýra þessum fjörugu og skemmtilegu bílaþáttum.

**Skemmtilegt** þriðjudagskvöld

KL. 19:50

NEW GIRL

Frábærir gamanþættir sem fjalla um Jess og þrjá skemmtilega en ólíka sambýlismenn hennar.



KL. 07:00-20:30

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.






3 | KL. 21:10 ÞRIÐJUDAGSKVÖLD MEÐ FRIKKA DÓR

Friðrik Dór stjórnar þessum skemmtilega þætti þar sem boðið verður uppá frábæra tónlist og góðir gestir mæta.

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

Krakkastöðin · Popp TíVí · BÍÓ STÖÐIN · GULL STÖÐIN · Tónlist.is · VILD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | | | 7 | | 6 | |
| 9 | 5 | 3 | | | | 2 | 7 | |
| 6 | | | 5 | 3 | | | | |
| | 2 | | 6 | | 5 | | | 7 |
| 3 | | | | | | | 5 | |
| 4 | 7 | | | | | | 8 | 1 |
| | | | 1 | | | 3 | | |
| | 6 | | | | | | | |
| | | 9 | 2 | | 6 | | | 5 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | | | 9 |
| 2 | 6 | | | | 9 | | | |
| | | 4 | | | | 5 | | 7 |
| | | | | | | 6 | 3 | |
| | | | | | 4 | 1 | | |
| | | 8 | | 1 | 3 | | | 2 |
| | | 5 | 8 | | 7 | | | |
| | 4 | | | | | | 1 | |
| | | | | 6 | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 4 | | | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | | | | 5 |
| | | 9 | | | | | | 2 |
| | | | | 5 | 1 | | 6 | |
| | 2 | | | 9 | | | 7 | 4 |
| 9 | | | 6 | | 7 | | 8 | |
| | | | | | | 4 | | 9 |
| | | 5 | | 1 | 6 | 7 | | |
| 7 | 1 | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 |
| 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 |
| 3 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 9 |
| 8 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 5 | 4 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 1 | 3 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 4 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 3 | 1 | 2 | 5 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 9 | 4 | 5 | 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 3 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 4 | 5 | 1 | 7 | 9 | 8 | 3 | 6 | 2 |
| 7 | 3 | 6 | 4 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 4 | 6 | 9 | 8 | 5 | 3 | 2 | 7 | 1 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 7 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 |
| 6 | 7 | 5 | 3 | 8 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 9 | 1 | 8 | 4 | 6 | 7 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 8 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Mikil skáld eru dýrmætasti fjársjóður þjóðar."

*Beethoven*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** morð, **6.** tveir eins, **8.** geislahjúpur, **9.** ról, **11.** verslun, **12.** lárviðarrós, **14.** öndunarfæri, **16.** pot, **17.** keyra, **18.** að, **20.** frá, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT**

**1.** an, **3.** slá, **4.** fljótsbakka, **5.** fálm, **7.** svik, **10.** bar, **13.** vætla, **15.** heiti, **16.** munda, **19.** 950.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dráp, **6.** pp, **8.** ára, **9.** ark, **11.** bt, **12.** nería, **14.** tálkn, **16.** ot, **17.** aka, **18.** til, **20.** af, **21.** arma. **LÓÐRÉTT: 1.** span, **3.** rá, **4.** árbakka, **5.** pat, **7.** prettir, **10.** krá, **13.** íla, **15.** nafn, **16.** ota, **19.** lm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Skákþing Garðabæjar er nú í fullum gangi. Siguringi Sigurjónsson (1.964) hafði svart gegn Kristni Jóni Sævaldssyni (1.758) sem lék af sér með 38. Dd3-e4?**

**Svartur á leik**



**38. ...Dg5+!** (rýmir fyrir hróknum) **39. Kf2 Hf4 40. De2 Dh4+** og hvítur gafst upp þar sem hrókurinn á c4 fellur. Siguringi er efstur ásamt Jóni Árna Halldórssyni að loknum fimm umferðum.

**www.skak.is.** HM landsliða hefst í dag.













FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf. sept. 2013

# Nú getur fólk drukkið í sig listina

Myndlistarmennirnir Sara og Svanhildur Vilbergsdætur hafa vakið mikla athygli fyrir dúettmálverk sín sem þær mála í sameiningu. Nú hafa fimm af málverkum þeirra verið prentuð á kaffimál og þær systur hyggja á nýja landvinninga.



**SAMVINNA** Þær Sara og Svanhildur kalla sig Dúósystur og oftar en ekki eru þær sjálfar viðfangsefni verkanna, settar í listasögulegt samhengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Myndirnar okkar hafa fengið mjög góðar viðtökur, vakið mikið umtal og hrifningu, en þetta eru stórar og dýrar myndir þannig að salan hefur svo sem ekki verið neitt til að hrópa húrra fyrir,“ segir Sara spurð hvernig á því standi að þær systur, hún og Svanhildur, hafi gripið til þess ráðs að koma málverkum sínum á framfæri á kaffibollum. „Þegar frænka okkar kom síðan að máli við okkur og kynnti okkur þann draum sinn að fara að framleiða það sem hún kallar „listamál“, sem sagt kaffikrúsir með áprentuðum málverkum, leist okkur mjög vel á hugmyndina og slógum til.“

Fimm af málverkum þeirra systra hafa verið prentuð á bolla nú þegar, í litlu upplagi, en meiningin er að hefja fjöldaframleiðslu síðar ef allt gengur upp, bæði á bollum með verkum þeirra og fleiri málara. „Þá getur fólk eignast málverkin fyrir tiltölulega lítið fé og drukkið í sig listina á hverjum degi,“ útskýrir Sara. „Það er nú varla hægt að komast í nánari snertingu við listaverk en það.“

Sara er með vinnustofu á Korpúlfsstöðum og þær Svanhildur taka þátt í opnu húsi þar á fimmtudaginn, þegar allir listamennirnir sem þar starfa opna vinnustofur sínar fyrir almenningi. „Við erum bara með um hundrað bolla til að selja,“ segir Sara, „þannig að það má segja að þetta séu nokkurs konar kynningareintök.“ Opna húsið stendur frá kl. 17 til 21 á fimmtudaginn og auk opnu vinnustofanna verða tónlistarmenn á staðnum og skemmta gestum. „Þetta verður skammdegishátíð,“ segir Sara. „Hugsuð til að létta fólki lundina í myrkrinu og við vonum að sem flestir leggi leið sína til okkar og skoði það sem hér er verið að gera.“

fridrikab@frettabladid.is



**LISTAMÁL** Fimm af málverkum systranna hafa öðlast framhaldslíf á kaffikrúsum.

## Óbætanlegur harmur

BÆKUR ★★★★☆

**Sigrún og Friðgeir – Ferðasaga**
SIGRÚN PÁLSDÓTTIR

JPV-ÚTGÁFA

Saga þeirra Sigrúnar Briem og Friðgeirs Ólasonar lækna er saga bjartsýni, ástar, gleði og óþrotlegrar þrautseigju og nöturleg örlög þeirra því enn átakanlegri en ella. Þetta unga, gáfaða, baráttuglaða fólk fórst ásamt þremur börnum sínum þegar Goðafossi var sökkt rétt utan landsteinanna 10. nóvember 1944, óskiljanleg og grimm örlög. Í bók sinni Sigrún og Friðgeir segir sagnfræðingurinn Sigrún Pálsdóttir sögu þeirra frá æsku til dauðadags á ákaflega lifandi og sannfærandi hátt allt þar til þau hverfa í hafið og það er varla þurr hvarmur á nokkrum lesanda að lestri loknum.

Sigrún Pálsdóttir er sagnfræðingur og tekur sér engin skáldaleyfi, rekur söguna eingöngu út frá skráðum heimildum og stundum saknar lesandinn þess að fá ekki nánari lýsingar á því hvað ungu hjónin eru að hugsa og gera, en engu að síður er frásögnin mjög lifandi og þau hjón verða ljóslifandi fyrir augum lesandans sem stendur sig að því að hvetja þau áfram í huganum eins og krakki í þrjúbíói jafnvel þótt hann viti vel að þeim verður ekki langs lífs auðið. Svo sterkum tökum ná persónur þeirra á huga lesandans.

Stærsti hluti bókarinnar fjallar um ár þeirra í Bandaríkjunum en þangað halda þau í miðri heimsstyrjöld til að sækja sér frekari menntun í læknisfræðinni. Að íslenskum sið treysta þau á eigin sannfæringarkraft, guð og lukkuna til að komast inn í bandaríska háskóla, en það reynist ekki alveg eins auðvelt og þau höfðu haldið. Tekst þó auðvitað fyrir rest og þegar þau hyggja á heimför er Friðgeir orðinn doktor frá sjálfum Harvard og Sigrún búin með kandídatsár sitt meðfram því að eignast tvö börn, en eitt áttu þau fyrir.



Aldarfarslýsingin í bókinni er fantavel unnin og liggur við að maður sjái fyrir sér fátæktarhverfin í Harlem, andi að sér reyknum í djassklúbbunum og finni lyktina á rottufylltum rannsóknarstofum. Kannast auðvitað við þetta allt úr svarthvítum bíómyndum fortíðarinnar en hér er aukið við þá mynd sem þar birtist og stríðsáraandinn í Bandaríkjunum skilar sér vel.

Aðrar persónur en þau hjón eru lausari dráttum dregnar og erfitt að tengjast þeim, enda eru þær aðeins statistar á leiksviði læknanna tveggja sem bæði eru svo stórar og hrífandi persónur að lesandinn hefur engan áhuga á því að líta af þeim eitt augnablik til að kynnast fólkinu í kringum þau.

Sigrún er listagóður penni og þrátt fyrir að fylgja ströngum vinnureglum sagnfræðinnar tekst henni að skapa sögu sem tekur flestum skáldsögum fram hvað varðar áhugaverðar persónur og spennandi framvindu. Lokakaflinn sem lýsir þeim fimm mínútum sem það tekur Goðafoss að sökkva er skrifaður af slíkri tilfinningu og innsæi að hárin bókstaflega rísa á höfði lesanda og tárin trilla. Gjörsamlega mögnuð upplifun.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Fantavel skrifuð og áhugaverð saga hjóna sem hlutu grimm örlög. Magnaðri lesning en flestar skáldsögur.

## Kemur fram sem Verdi

Tónleikar til heiðurs Giuseppe Verdi verða í Salnum í kvöld því 200 ár eru liðin frá fæðingu hans.

„Þetta er skemmtilegt og flott prógramm,“ segir Gissur Páll Gissurarson söngvari sem ætlar að koma fram sem Verdi sjálfur í Salnum í kvöld, með pípuhatt og hvítan trefil, og syngja sex aríur eftir tónskáldið í tilefni 200 ára afmælis þess. Sú frægasta er La Donna è Mobile úr Rigoletto. Flytjendur með honum á tónleikunum eru Pamela De Sensi flautuleikari og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari. „Eva Þyri og Pamela verða með skemmtilega úrdrætti úr óperum Verdis, annars vegar úr La Traviata og hins vegar Rigoletto – tipla á helstu stefjunum,“ lýsir Gissur Páll.

Það verður greinilega stíll yfir þessu hjá þremenningunum því auk tónanna ætlar Gissur Páll að segja aðeins frá Verdi og efninu sem flutt verður. „Það er alltaf skemmtilegt að fá aðeins að gægjast á bak við verkin,“ segir hann og tekur fram að tónleikarnir verði í styttri kantinum eða bara klukkutími að lengd. - gun



**TENÓRINN** Gissur Páll æfir fyrir hádegi og segir það að fást við Wagner og Verdi þá sé eins og að stunda ólympískar lyftingar í morgunsárið.




Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

**Ófullgert verk fyrir sjálfspilandi píanó**
**Leikstjóri: Nikita Mikhalkov**

*Platónov* eftir **Anton Tsjekhov** liggur til grundvallar myndinni en viðfangsefnið er, eins og í mörgum verkum **Tsjekhovs**, örvænting og tilgangsleysi í lífi rússneskrar millistéttar um aldamótin 1900. Myndin fellur undir þema *Rússneska vetrarins* sem nefnist *Bókmenntajöfrar á kvikmyndatjaldi.*

# ENDALAUSIR MÖGULEIKAR

*Fjársjóður hugmynda fyrir kubbasmiði á öllum aldri*

* *Virkjaðu ímyndunaraflið og lærðu betur á LEGO*
* *Skapaðu ævintýraveröld úr kubbunum sem þú átt*
* *Gagnleg ráð og snjöll brögð frá sex reyndum kubbasmiðum*






ÞÚ GETUR BYRJAÐ STRAX!

JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# Svarthvíta Hollywood-hetjan mín

American Music-verðlaunahátíðin var haldin með pompi og prakt í Los Angeles á sunnudagskvöldið. Skærustu stjörnurnar vestan hafs mættu í sínu fínasta pússi á rauða dregilinn og greinilegt er að svartur og hvítur sparifatnaður er það heitasta þegar líða fer að jólum.



**EKKERT KLAUFALEG** Ke$ha bauð upp á kjól frá Michael Costello með myndarlegri klauf.



**HOLLYWOOD-GLAMÚR** Christina Aguilera minnti á dívur fortíðarinnar í þessum kjól frá Mariu Luciu Hohan.



**KEMUR SÍFELLT Á ÓVART** Lady Gaga var í fjólubláum kjól frá Versace en hvíldi lúin bein á hvítum hesti.



**GLÆSILEG** Rihanna stal senunni í þessu dressi frá Jean Paul Gaultier Couture.



**BLÓMARÓS** Katy Perry var stórglæsileg í kjól frá Oscar de la Renta.



**DÖNNUÐ** Ungstirnið Miley Cyrus var í dragt frá Versus Versace.



# Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember 2013




**Til fjölda ára hefur verið bent á það álag sem er á sjúkraliðastéttinni. Undirmönnun, eilífar breytingar og neikvæð umræða kemur í æ ríkara mæli niður á heilsufari stéttarinnar. Sjúkraliðar þjást m.a. af stoðkerfisvandamálum, streitu og streituröskun sem oft á tíðum breytast úr vandamálum og kvillum í sjúkdóma sem valda langvarandi veikindum eða örorku.**

### Álag eykst

Álag eykst á heilbrigðiskerfið og um leið á einstaklinginn sjálfan og fjölskyldu hans.

Áður var lögð ofuráhersla á að sjúkraliðar ynnu tveir og tveir saman við hjúkrun. Í dag er sjúkraliðinn oftast einn við vinnu sína, eða hefur með sér starfsmann sem enga þjálfun hefur í réttri líkamsbeitingu. Þetta veldur ójafnvægi sem kemur niður á baki, öxlum, herðum og hnjám. Sjúkraliðum er ætlað að koma mikið veikum einstaklingum í og úr rúmi, snúa og sinna, allt upp í 200 kílóa sjúklingum. Sjúkraliðastéttin er í 99% tilfella konur sem sumar eru ekki meira en 50 kíló. Það sjá það allir sem ekki loka augunum að um óframkvæmanlegt verkefni er að ræða, án þess að skaði hljótist af. Þetta hefur leitt til þess í ríkara mæli að Sjúkratryggingar Íslands neita að viðurkenna áverka sem vinnuslys þ.s. ekki var rétt staðið að vinnu.

### Aukin veikindi

Upplýsingar Styrktarsjóðs BSRB sýna að sjúkraliðar sem fá sjúkradagpeninga úr sjóðnum eru nánast undantekningarlaust með sjúkdóma sem rekja má til líkamlegs og/eða andlegs álags við vinnu. Vaxandi þróun er frá hlutaveikindum til fullra veikinda.

Sjúkraliðar eru 10% félagsmanna í styrktarsjóðnum, en nota þjónustu sjóðsins mun meira en aðrir félagsmenn. Fyrstu 9 mánuði ársins 2012 voru sjúkraliðar 21% þeirra sem fengu sjúkradagpeninga og eru nú á sama tíma 2013 komnir upp í 28%.

Af þeim sem fengu niðurgreidda sálfræðiaðstoð á fyrstu 9 mánuðum ársins 2012 voru 23% sjúkraliðar og hefur ekki fækkað á sama tíma 2013.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2012 voru 25% styrkþega sjúkraliðar sem fengu styrk vegna sjúkraþjálfunar og eru á sama tíma 2013 í 21%.

Virk starfsendurhæfing sinnir einnig þeim sem reyna að halda sér á vinnumarkaði eftir langvarandi veikindi og er þar einnig hátt hlutfall sjúkraliða.

Það dylst ekki að um er að ræða gríðarlegt og vaxandi heilsuleysi stéttarinnar. Það er því erfið upplifun að hvergi sé hægt að leita stuðnings í formi vinnuverndar vegna undirmönnunar og annarra þátta sem hafa áhrif á heilsufar.

### Engin ber ábyrgð

Vinnueftirlitið vísar á Embætti landlæknis, sem hafi það hlutverk að fylgjast með heilbrigðisstéttum. Ekki eingöngu hvort þær stéttir séu í stakk búnar til að sinna störfum sínum, en ekki síður að meta þá aðstöðu sem unnið er við og þann mannafla og mannauð sem vinnur verkin.

Landlæknisembættið vísar jafnvel til baka á Vinnueftirlitið og niðurstaðan er að engin ber ábyrgð á starfsumhverfi heilbrigðisstarfsmanna.

Það gerist þó að Embætti landlæknis taki út stofnanir og skili skýrslu varðandi úrbætur. Oftar en ekki er þess krafist að fjölga þurfi hjúkrunarfræðingum, en ekki sjúkraliðum þó svo að vitað sé að það dragi ekki úr vinnuálagi á sjúkraliða.

Lýðheilsustöð sem var innlimuð í landlæknisembættið hefur ekki beitt sér fyrir því að þessu heilsuspillandi starfsumhverfi sjúkraliða sé breytt til batnaðar.

### Fá ekki fullt starf

Í ráðningarviðtölum sjúkraliða kemur fram að ekki sé í boði fullt starf, því engin standi undir því álagi lengur.

**Sjúkraliðafélag Íslands minnir á að viðvarandi álag veldur veikindum og vinnuslysum með gríðarlegum erfiðleikum og tilkostnaði.**

**Fyrir hönd sjúkraliðastéttarinnar**
*Kristín Á. Guðmundsdóttir,*
*formaður Sjúkraliðafélags Íslands*

SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS

Sjúkraliðafélag Íslands
Grensásvegi 16,108 Reykjavík
Sími 553 9493 / 553 9494
Fax 553 9492
slfi@slfi.is

# Þetta er svekkjandi fyrir alla

**Playstation 4 fer í sölu 29. janúar á Íslandi en er komin í búðir í Bandaríkjunum. Ágúst Guðbjartsson hjá Gamestöðinni segir þetta vera svekkjandi.**



**SVEKKTUR** Ágúst vildi ná Playstation 4 inn fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

„Okkur finnst þetta rosalega svekkjandi, við vildum ná tölvunni inn fyrir jólin,“ segir Ágúst Guðbjartsson, framkvæmdastjóri Gamestöðvarinnar og Skífunnar, um þá ákvörðun stjórnarmanna Sony í Evrópu að nýja Playstation 4-tölvan komi til Íslands 29. janúar næstkomandi.

„Ég hef mikla samúð með Senu [umboðsaðila Playstation á Íslandi], allir vilja ná jólatraffíkinni. Við verðum að horfa á þetta í stærra samhengi, Ísland er lítill markaður og þessi ákvörðun er byggð á stærð markaðssvæða,“ bætir Ágúst við. Vélarnar eru komnar í sölu í Bandaríkjunum og koma í verslanir víða í Evrópu í vikunni. Hann segist búast við því að einhverjir muni ná sér í tölvur erlendis. „Það eru alltaf einhverjir sem fá vélar, einhverjir sem panta sér eða fara sjálfir út.“ Ágúst varar við því að kaupa vélar frá Bandaríkjunum.

„Við höfum séð einhverja lenda í vandræðum með vélar sem þeir kaupa í Bandaríkjunum, ef fólk ætlar á annað borð að kaupa sér vélar erlendis er öruggara að gera það í Evrópu, þó svo að við mælum sterklega með því að fólk kaupi þær á Íslandi þegar þær koma, það er öruggast, sérstaklega vegna ábyrgðar og fleira þess háttar,“ segir Ágúst. Hann segir ákvörðun ráðamanna Sony þó ekki vera alslæma fyrir Íslendinga. „Við höfum heyrt af einhverjum bilunum í fyrstu sendingum í Bandaríkjunum, eins og gengur og gerist. Öll þessi vandamál ættu að vera á bak og burt þegar vélarnar fara í sölu á Íslandi,“ segir Ágúst. Hann býst við því að sýningareintak komi í Gamestöðina í Smáralind í desemberbyrjun og að Playstation 4-leikir verði til sölu fyrir jólin. - kak






**TVENNIR ÚTGÁFUTÓNLEIKAR** Hljómsveitin Tilbury kemur fram á útgáfutónleikum í Reykjavík og á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Tilbury með tvenna tónleika

„Við ætlum að halda alveg geggjaða tónleika og lofum miklu stuði,“ segir Magnús Tryggvason Eliassen, trommuleikari hljómsveitarinnar Tilbury.

Sveitin ætlar að halda tvenna útgáfutónleika sem fara annars vegar fram í Kaldalóni í Hörpu 28. nóvember og svo á Græna hattinum á Akureyri 29. nóvember.

Snorri Helgason mun sjá um upphitun á hvorum tveggja tónleikunum.

Á tónleikunum verður nýjasta afurð sveitarinnar, Northern Comfort, kynnt en einnig verða eldri lög leikin í bland.

Hægt er kaupa miða á hvora tveggja tónleikana á midi.is. - glp



**SPENNT FYRIR KVÖLDINU** Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir kemur fram á Kex Hosteli í kvöld.

## Jazz á Kex

Jazzsöngkonan Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir heldur tónleika á veitingahúsinu Kex Hosteli í kvöld. Ásamt Guðlaugu munu þeir Þorgrímur Jónsson bassaleikari, Scott Mclemore trymbill og gítarleikarinn Peter Tinning koma fram. „Við munum taka eitthvað af efni sem var á plötunni minni sem kom út árið 2008 í bland við aðra jazzstandarda,“ segir Guðlaug. Hún hvetur fólk til að mæta á tónleikana.

„Þetta verður skemmtilegt. Peter Tinning kemur frá Danmörku gagngert til þess að spila á þessum tónleikum.“ Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og standa yfir í tvo klukkutíma. Aðgangur er ókeypis. -kak



**VINSÆL SÍÐA** Áttatíu þúsund notendur heimsækja síðuna að meðaltali á mánuði.

## Útlit vefjarins Flickmylife breytist

Útlit vefsíðunnar vinsælu Flickmylife mun taka breytingum í dag. Auk útlitsbreytinga verður síðunni breytt þannig að hún virki betur í snjallsímum og spjaldtölvum. Þetta er gert til að koma til móts við mikla umferð á síðunni en að meðaltali heimsækja áttatíu þúsund notendur síðuna á mánuði.

Leitarvélin á síðunni verður einnig uppfærð. Síðan geymir hátt í níu þúsund myndir og verður notendum gert auðveldara að leita í þessu viðamikla safni. **-kak**



**Á LEIÐ TIL DALVÍKUR** Ragnheiður Gröndal mun koma fram á tónlistarhátíðinni Bergmáli sem fer fram 6. og 7. desember.

## Jólabergmál

Árlega tónlistarhátíðin Bergmál verður haldin á Dalvík í fjórða sinn 6. og 7. desember. Hátíðin hefur hingað til verið haldin að sumarlagi en í ár verður hátíðarbragur yfir Dalvík þegar Bergmál fer fram. Ragnheiður Gröndal og Hallveig Rúnarsdóttir sópran verða sérstakir gestir. Hátíðin fer fram í Bergi, sem er menningarhús Dalvíkinga. **-kak**



**SYNGUR OG SPILAR** Rúnar Þórisson tónlistarmaður sendi á dögunum frá sér plötuna Sérhver vá.

## Aðalsöngvari í fyrsta sinn

„Þetta er í fyrsta skiptið sem ég syng inn á eigin plötu sem aðalsöngvari og gæti alveg hugsað mér að syngja meira," segir tónlistarmaðurinn Rúnar Þórisson sem sendi nýverið frá sér plötuna Sérhver vá. Rúnar er líklega best þekktur sem gítarleikari hljómsveitarinnar Grafíkur.

Hann byrjaði að vinna plötuna árið 2011 og voru öll lögin samin það ár. Hann vann efnið svo með tengdasyni sínum, Arnari Þóri Gíslasyni trommuleikara.

„Við fórum svo í Sundlaugina ásamt Guðna Finnssyni bassaleikara og tókum plötuna upp þar," útskýrir Rúnar.

Platan er þriðja sólóplata Rúnars en áður hafa komið út diskarnir Ósögð orð og ekkert meir árið 2005 og Fall árið 2010.

Lög og textar, upptökustjórn, útsetningar og flutningur eru í höndum Rúnars auk þess sem hann nýtur liðsinnis dætra sinna, söngkvennanna Láru og Margrétar.

Rúnar stefnir á að halda útgáfutónleika í byrjun næsta árs. **-glp**

# Enginn heldur að Arnaldur og Yrsa séu hörð

Rithöfundurinn Stefán Máni skrifar mikið um ofbeldi og kynlíf. Hann segist þó vera rómantískur maður.

„Áhugasvið mitt er bækur um glæpi, ofbeldi og kynlíf. Ég heyri oft að ímynd mín sé hörð. Það virðist ekkert vera að trufla Yrsu og Arnald. Það heldur enginn að þau séu hörð. Höfundar skrifa sögur og fantasera út í loftið. Ég á eftir að skrifa alls konar bækur og er ekki fastur í neinu formi. Ég er með bækur á teikniborðinu sem innihalda krúttlegheit og rómantík en það hangir alltaf eitthvað meira á spýtunni. Ég hef voðalegan áhuga á dramatík og hinu vonda. Það er svo heillandi," segir rithöfundurinn Stefán Máni sem gaf nýverið út skáldsöguna Grimmd. Hann segist samt sem áður vera rómantískur maður.

„Ég er klárlega rómantískur maður. Þegar maður vinnur við að fantasera hlýtur maður að vera rómantískur. Ég lifi þó ekki mjög rómantísku lífi."

Stefán Máni gaf út unglingabókina Úlfshjarta síðasta vor og er hann búinn að selja kvikmyndaréttinn að henni. Þá keypti Reykjavík Studios, með stórleikstjórann Baltasar Kormák fremstan í flokki, réttinn á bókinni Húsinu sem kom út í fyrra.

„Baltasar keypti í raun réttinn á löggunni Herði Jónssyni í Húsinu. Hann kemur líka fyrir í Grimmd en Baltasar á réttinn á öllum bókum með Herði Grímssyni. Sigurjón Kjartansson er væntanlega byrjaður að skrifa handritið og eru hann og framleiðandinn Magnús Viðar með stórt plan í kringum þetta. Vilja gera þríleik í það minnsta. Ég ræð engu en ég fæ alltaf að fylgjast með. Þetta eru mjög spennandi bíópælingar." **-lkg**



**GRJÓTHARÐUR – EÐA HVAÐ?** Áhugasvið Stefáns Mána er dökkt og drungalegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



LAUGARÁS BÍÓ


ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 6, 7, 9, 10 | 12 |
| THE COUNSELOR | 8, 10:30 | 16 |
| PHILOMENA | 5:50 | 12 |

SAMBÍÓIN



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 9 | 16 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| STAND UP GUYS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 - 8 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 10:30 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 6 - 9 - 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 8 - 11 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



| SMÁRABÍÓ (Aukakrónur 5%) | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE STARVING GAMES | KL. 6 | 10 |
| CARRIE | KL. 10.45 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 | L |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| **HÁSKÓLABÍÓ** (Aukakrónur 5%) | | |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 8 - 9 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10.15 | 14 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |
| **BORGARBÍÓ** ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 - 10:10 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 6 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði



**EIN AÐ FLÝTA SÉR** Stutt er í brúðkaup Kaley.

## Stutt tilhugalíf

Big Bang Theory-skvísan Kaley Cuoco undirbýr nú brúðkaup sitt. Leikkonan trúlofaðist tennisstjörnunni Ryan Sweeting eftir aðeins þriggja mánaða samband og gæsuðu vinkonur hennar hana í Kaliforníu um þar seinustu helgi. Nú um helgina héldu þær dannaða brúðarveislu fyrir Kaley.

Margar frægar stúlkur tóku þátt í gleðinni, þar á meðal sjónvarpskonan Ali Fedotowsky, Lacey Chabert úr Mean Girls og meðleikkona Kaley í Big Bang Theory, Melissa Rauch.



**SPÁ Í FRAMTÍÐINA** Katy og John vilja fjölga mannkyninu.

## Plana barneignir

Tónlistarfólkið Katy Perry og John Mayer hafa verið sundur og saman síðan í ágúst á síðasta ári. Nú herma nýjustu fregnir að þau vilji eignast börn saman.

„Katy kom með þá hugmynd að eignast börn fyrir nokkrum vikum. Hann studdi það og sagðist endilega vilja að hún yrði móðir barna hans,“ segir heimildarmaður tímaritsins Closer.

Þá segir heimildarmaðurinn einnig að Katy trúi því að John verði frábær faðir og að barn myndi einungis styrkja samband þeirra. - lkg

## Ein af persónunum deyr

Mikil tíðindi urðu í nýjasta þætti bandaríska þáttaseríunnar Family Guy en í þættinum varð ein af aðalpersónunum fyrir bíl og lét lífið. „Okkur fannst þetta góð leið fyrir karakterinn til að hætta í þáttunum og frekar fyndið í raun,“ sagði Steve Callaghan, aðalframleiðandi þáttanna, í viðtali við sjónvarpsstöðina E!.

Eftir að þátturinn var sýndur í Bandaríkjunum logaði hinn svokallaði Twitter-heimur og var töluverð reiði í aðdáendum þáttanna.

„Aðdáendur okkar eiga að geta treyst okkur og þetta mun ekki hafa nein áhrif á gæði þáttanna.“

# Þú ert ógeð, blikkkarl

**BAKÞANKAR** Söru McMahon



**KALDHÆÐNI** skilar sér ekki á blað,“ sagði bandaríska leikkonan Megan Fox eitt sinn. Ummælin lét hún falla eftir að hafa ítrekað orðið fyrir harðri gagnrýni fyrir nokkuð sem hún hafði sagt í blaðaviðtölum. Fox hélt því fram að hún væri misskilin, að hún væri ekki hrokafull, vitlaus eða með sleggjudóma, heldur hefðu tilraunir hennar til kaldhæðni einfaldlega misfarist trekk í trekk.

**MÖGULEGA** hafði Fox nokkuð til síns máls. Þeir kollegar mínir, sem hafa ritað pistla þar sem kaldhæðnin drýpur af hverju orði, uppskera oftar en ekki leiðindi fyrir. „Virkir í athugasemdum“ hafa kallað þá illa uppalda, dónalega og vitlausa og einn gekk svo langt að óska þess að pistlahöfundur yrði úti á illa búinni Yaris-bifreið – það mundi kenna honum lexíu.

**KALDHÆÐNI** er vissulega vandmeðfarin og líklega er óumflýjanlegt að lesendur túlki orð á annan hátt en sá er ritaði þau ætlaði. Þetta gæti verið ástæðan að baki því að broskarlar, fýldir karlar og blikkandi broskarlar reka hverja ritaða setningu á fætur annarri. Þessum körlum er ætlað að lýsa svipbrigðum skrifanda og koma þannig í veg fyrir misskilning. „Þú ert ógeð ;)“ hlýtur með þessu allt aðra merkingu en „þú ert ógeð“. Hið fyrra er augljóslega passíft/agressíft grín, merking seinni setningarinnar er ekki jafn augljós, eða hvað?

**ÞEGAR** ég stundaði nám við HÍ hélt einn kennari minn stutta tölu um þessa karla, eða emoticons eins og þeir kallast á enskri tungu. Hún hélt því fram að ef skrifanda tækist ekki að koma tilfinningum sínum eða tón nógu skýrt fram í textanum án þess að þurfa að styðjast við slíkan karl, þá væri textinn hreinlega ekki nógu góður. Lengst af var ég henni fullkomlega sammála, en í dag tel ég mögulegt að vandinn sé tvískiptur. Gæti verið að lesskilningur fólks hafi tapast í broskarlaflóðinu? Nennir það ekki að leggja merkingu, nema bókstaflega, í broskarlalausan texta?

# Hulunni svipt af ókunnugu fólki

**Bragi Brynjarsson og Sóley Georgsdóttir hafa óseðjandi áhuga á fólki og sögunum sem það hefur að segja. Þau eru fólkið á bak við síðuna Humans of Reykjavík sem varpar öðru vísi ljósi á fólk á förnum vegi í máli og myndum.**



**ÁSTRÍÐUFULL** Bragi og Sóley eru óhrædd við að stöðva fólk á götunni og spyrja það spjörunum úr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þessi hugmynd kemur frá sambærilegu verkefni sem heitir Humans of New York. Ljósmyndarinn Brandon Stanton byrjaði á því verkefni árið 2010 en verkefnið fólst í því að taka myndir af fólki á götum New York-borgar. Þar er náttúrulega alls konar fólk og Brandon fær marga til að segja sér ýmislegt persónulegt sem hann svo deilir á Facebook-síðu sinni. Þetta náði síðan miklum vinsældum og gera sambærilegar síður til um heim allan,“ segir Bragi Brynjarsson. Hann vildi feta í fótspor Brandons og rakst á Sóleyju Georgsdóttur sem var í svipuðum hugleiðingum. Þau sameinuðu krafta sína í eitt verkefni sem heitir Humans of Reykjavík. Þau byrjuðu að vinna saman fyrir þremur vikum og hefur verkefnið vakið mikla athygli.

Verkefnið felst í því að Bragi og Sóley vappa um götur borgarinnar með myndavél að vopni, taka myndir af fólki á förnum vegi og spyrja það spurninga. Á hverjum degi birta þau afraksturinn á Facebook-síðu verkefnisins.

„Við höfum bæði gríðarlegan áhuga á fólki. Ég er mikil félagsvera og hef mikinn áhuga á sögum, hvort sem það er að finna í bókum, kvikmyndagerð eða í fólki sjálfu. Allir hafa sína sérstöku sögu að segja. Í örskamma stund fáum við að svipta hulunni af ókunnugri manneskju í þessu verkefni okkar. Sagan samsvarar ekki alltaf ímyndinni sem maður fær við fyrstu sýn. Maður horfir á ljósmyndina, les textann og kíkir svo aftur á ljósmyndina. Þá sér maður manneskjuna í allt öðru ljósi. Það sem við viljum helst vekja athygli á er að allt þetta fólk sem strunsar framhjá okkur úti um allan bæ er með hjarta og heila, tilfinningar og hugsanir. Mikið af samskiptum okkar við ókunnuga eru held-ur neikvætt en við viljum birta jákvæðari mynd af fólki sem myndar samfélagið,“ segir Bragi og bætir við að Íslendingar séu varkárir þegar kemur að því að svara ágengum spurningum um okkur sjálfa.

„Íslendingar eru oft mjög lokaðir og vilja ekki deila persónulegum hlutum sem eru síðan birtir á netinu. Í New York búa milljónir manna og miklar líkur eru á að þeir sem þú þekkir sjái ekki myndina af þér né það sem þú lætur hafa eftir þér. Því er þveröfugt farið hér.“

Verkefnið er drifið áfram af mikilli ástríðu en Bragi og Sóley eru með háleit markmið fyrir framtíðina.

„Við erum með alls konar hugmyndir og viljum jafnvel blanda myndskeiðum og öðrum birtingarmyndum saman við ljósmyndirnar. Við vonum að þetta stækki í framtíðinni en við skrifum bæði á íslensku og ensku því við viljum bæði að allir Íslendingar hafi aðgang að þessu og að útlendingar sjái hvernig fólk býr hér á landi. Þó að verkefnið heiti Humans of Reykjavík langar okkur til dæmis að fara út á land næsta sumar því auðvitað er líka fullt af merkilegu fólki sem býr úti á landsbyggðinni.“ liljakatrin@frettabladid.is

## Þekkti ekki Ómar Ragnarsson

Sóley hefur búið í Kanada nánast allt sitt líf en talar íslensku. Þau Bragi fara á stjá með myndavélina hvort í sínu lagi og stöðvaði Sóley mann nokkurn á Laugaveginum fyrir stuttu. Hann hafði lítinn tíma til að spjalla við hana en bað hana um að hitta sig aðeins seinna um daginn í bókabúð Máls og menningar. Sóley tók mynd af manninum og talaði stuttlega við hann. Þegar hún svo sýndi Braga myndina kom í ljós að maðurinn var Ómar Ragnarsson en Sóley kannaðist ekkert við kauða. „Þetta var mjög skemmtilegt því ég hefði spurt hann allt öðru vísi spurninga en hún því hann er Ómar Ragnarsson. Hún þekkti hann ekki þannig að við fengum allt öðru vísi sýn á þennan landsþekkta mann,“ segir Bragi.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS


SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill Save the Children á Íslandi






# Jólalegasta bók ársins er komin í verslanir!

Tryggðu þér eintak áður en hún selst upp!

©Disney

www.edda.is

edda

# Fjögur augu sjá betur en tvö

Íslenska karlalandsliðið verður með tvo aðalþjálfara næstu tvö árin því Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck munu stýra liðinu saman í undankeppni EM 2016. Heimir tekur síðan við liðinu af Lars eftir tvö ár.

**FÓTBOLTI** „Samningurinn var algjörlega innan þeirra marka sem stjórn KSÍ ákvað,“ sagði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ á blaðamannafundi í gær þar sem Knattspyrnusamband Íslands gekk frá samningum við tvo landsliðsþjálfara. Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck þjálfa liðið í sameiningu í undankeppni EM 2016 en svo mun Heimir taka við liðinu í framhaldinu.

Heimir Hallgrímsson er nú kominn í fullt starf hjá sambandinu og Geir játti því að kostnaðurinn við liðið yrði nú meiri. Ákvörðunin var hins vegar ekki erfið. „Við í stjórninni höfum sjaldan átt jafn auðvelt með að taka ákvörðun um landsliðsþjálfara,“ sagði Geir.

Heimir er 46 ára gamall og hefur verið aðstoðarmaður Lars Lagerbäck frá fyrsta degi.

**Ég hef verið að gera góða hluti**

„Ég er að sjálfsögðu ákaflega stoltur yfir því trausti sem ég fæ. Ég lít svo á að ég hafi verið að gera góða hluti. Við höfum unnið góðan grunn. Sjáum að hann er góður bæði innan vallar og utan. Við getum byggt ofan á hann á næstu árum,“ sagði Heimir á fundinum.

„Ég hef lært margt á þessum tveimur árum og mun læra mikið á næstu tveimur,“ segir Heimir. Hann segir að það fari varla framhjá neinum hvernig persóna Svíinn sé. „Hann er auðmjúkur og gefur mikið af sér. Hann hefur alltaf látið mér líða vel og finnast ég vera svaka merkilegur,“ sagði Heimir léttur að vanda.

Lars hefur alltaf verið duglegur að hrósa Heimi fyrir hans starf. „Til langs tíma hefur KSÍ tekið góða ákvörðun. Bæði leikmenn og KSÍ vita hvað framundan er. Það er gott mál. Fjögur augu sjá betur,“ sagði Lars Lagerbäck í gær en það er að heyra á honum að hann líti á þetta sem svanasöng-inn sinn á þjálfaraferlinum. „Á mínum aldri mun ég líklega hætta að loknu þessu verkefni,“ sagði Lagerbäck en Heimir var fljótur að skjóta inn í: „Þú sagðir það líka fyrir tveimur árum.“

Lars Lagerbäck byrjaði landsliðsþjálfaraferilinn við hlið Tommys Söderberg en þeir voru saman með sænska landsliðið frá 2000 til 2004 og komu liðinu á tvö stórmót í röð.

„Þegar við Tommy tókum við liðinu saman þá vakti það athygli og margir spurðu spurninga,“ sagði Lars á fundinum aðspurður um samvinnu sína og Tommys Söderberg. „Margir vilja baða sig í sviðsljósinu en þetta snýst ekki um einn mann. Það er mikilvægt þegar tveir menn vinna saman að hugmyndafræðin sé svipuð og sömuleiðis persónuleiki þeirra beggja.“ - ktd, óój



**ÞJÁLFARARNIR OG FORMAÐURINN** Geir Þorsteinsson er hér á milli þeirra Lars Lagerbäck og Heimis Hallgrímssonar, þjálfara íslenska landsliðsins í knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## PRIÐJI DÚETTINN Í SÖGU LANDSLIÐSINS

Íslenska karlalandsliðið hefur einu sinni áður verið með tvo landsliðsþjálfara en Ásgeir Sigurvinsson (á mynd) og Logi Ólafsson stýrðu liðinu saman frá sumrinu 2003 fram á haustið 2005.

Ásgeir tók við liðinu til bráðabirgða eftir að Atli Eðvaldsson sagði upp í miðri undankeppni EM 2004 og var Logi í fyrstu fenginn til að vera Ásgeiri til aðstoðar. Íslenska liðið vann fyrstu tvo leikina undir þeirra stjórn og í framhaldinu voru þeir ráðnir til haustsins 2005 eða fram yfir undankeppni HM 2006.

Íslenska landsliðið lék reyndar einnig fyrsta landsleik sinn undir stjórn tveggja þjálfara en þeir Frederick Steele og Murdo MacDougall voru saman með landsliðið á móti Dönum á Melavellinum í júlí 1946.



Lars og Heimir verða því þriðji dúettinn í sögu karlalandsliðsins. - óój

## Lars og Gaui Þórðar deila efsta sætinu

Lars Lagerbäck er sá landsliðsþjálfari sem hefur náð bestum árangri í keppnisleikjum í sögu landsliðsins en hann deilir efsta sætinu með Guðjóni Þórðarsyni. Hjá þeim báðum náði íslenska liðið í fimmtíu prósent stiga í boði. Lars er hins vegar með betri árangur í riðlakeppni eða þegar umspilsleikirnir eru ekki teknir með. Guðjóni Þórðarsyni tókst aldrei að koma íslenska liðinu í umspil en liðið náði í helming stiga í boði undir hans stjórn í undankeppni HM 1998 og EM 2000.

Íslenska liðið náði í 57 prósent stiga í boði í sínum riðli í undankeppni HM 2014 en jafntefli og tap í umspilsleikjunum draga árangur Lars niður í fimmtíu prósentin. - óój




Á fullu
GAZI
Fyrsti þáttur í kvöld kl. 20:15
Á fullu gazi er fjörugur bílaþáttur, fullur af brennandi gúmmíi, stjórn og stjórnleysi og ekki síst ótrúlegu hugrekki. Umsjónarmenn þáttarins, Finnur og Sigríður Elva, etja frægu fólki saman í hörkukeppni, prufukeyra nýjustu bílana, hnýsast í bílskúra hjá bílageggjurum og gera allt til að svala hraða- og spennuþorsta þjóðarinnar.
Fáðu þér áskrift 512 5100 | stod2.is
margfalt skemmtilegri!

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.15
### Á fullu gazi



Fjörugur og skemmtilegur bílaþáttur. Þau Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius munu stikla á stóru í bílaheiminum, t.d. etja frægu fólki saman í hörkukeppni, prufukeyra nýjustu bílana, hnýsast í bílskúra hjá bílageggjurum og margt fleira.



### Þriðjudagsþátturinn með Frikka Dór

**STÖÐ 3 KL. 21.10** Stórsöngvarinn Friðrik Dór stjórnar þessum fjölbreytta og skemmtilega þætti og honum til halds og trausts verður leikarinn Ásgrímur Geir Logason.



### Meistaradeild Evrópu

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Dortmund og Napoli í Meistaradeild Evrópu.

TV.COM 8,6 IMDb 6,6



### 360 gráður

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.10** Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni. Umsjónarmenn: Einar Örn Jónsson og Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson.

### FM957 kl. 10.00
### Heiðar Austmann



Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en er samt yngstur í anda að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár. Áður en Heiðar fann köllun sína í útvarpi vann hann meðal annars við að keyra út pítsur, selja bílavarahluti og vinna í fiski í Hrísey þannig að hann hefur gert ýmislegt.





FÍTON / SÍA

**Hverjir tryggja sig áfram?**

Nú fara línur að skýrast í Meistaradeildinni. Skyttunum gengur allt í haginn þessa dagana og gætu tryggt sér sæti í 16 liða úrslitum með sigri á Marseille. Dortmund þarf nauðsynlega á sigri að halda þegar þeir mæta Napoli og Chelsea getur tryggt sér efsta sætið í riðlinum með sigri á Basel í kvöld.

**Sannkölluð knattspyrnuveisla fram undan!**

**Í DAG**

| | | |
|---|---|---|
| Zenit–Atletico Madrid | 2 SPORT | 16:55 |
| Upphitun | 2 SPORT | 19:00 |
| Dortmund–Napoli | 2 SPORT | 19:30 |
| Arsenal–Marseille | 2 SPORT 3 | 19:30 |
| Basel–Chelsea | 2 SPORT 4 | 19:30 |
| Meistaramörk | 2 SPORT | 21:45 |

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

2 SPORT
besta sætið


### STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Wonder Years**
**10.40** **The Middle**
**11.05** **White Collar**
**11.50** **Flipping Out**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **So you think You Can Dance**
**13.45** **Sjáðu**
**14.15** **In Treatment**
**14.45** **Lois and Clark**
**15.35** **Victourious**
**16.00** **Scooby Doo og félagar**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.16** **Veður**
**19.25** **Stelpurnar**
**19.50** **New Girl** *(3:23)*
**20.15** **Á fullu gazi**
**20.45** **Modern Family** *(8:22)*
**21.05** **The Big Bang Theory** *(3:24)*
**21.30** **How I Met Your Mother** *(21:24)*
**21.55** **Bones** *(6:24)*
**22.45** **Episodes** *(9:9)*
**23.15** **The Daily Show. Global Editon**
**23.40** **Secrets of the Lost Symbol**
**00.25** **Grey's Anatomy**
**01.10** **Touch**
**01.55** **Day of the Dead**
**03.15** **Extreme Movie**
**04.40** **Robin B. Hood**

### 2 SPORT *besta sætið*

**15.55** **Spænsku mörkin 2013/14**
**16.25** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**16.55** **Meistaradeild Evrópu. Zenit - Atletico Madrid** Bein útsending
**19.00** **Meistaradeildin - upphitun**
**19.30** **Meistaradeild Evrópu. Dortmund - Napoli** Bein útsending
**21.45** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.45** **Meistaradeild Evrópu. Arsenal - Marseille**
**00.40** **Meistaradeild Evrópu. Basel - Chelsea**
**02.35** **Meistaradeildin - meistaramörk**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **WBA - Aston Villa**
**13.35** **Messan**
**14.45** **Everton - Liverpool**
**16.25** **Premier League World**
**16.55** **Arsenal - Southampton**
**18.35** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**19.30** **Man. City - Tottenham**
**21.10** **Messan**
**22.20** **Cardiff - Man. Utd.**

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

### STÖÐ 3

**17.10** **Junior Masterchef Australia**
**17.55** **The Carrie Diaries**
**18.40** **American Dad**
**19.00** **Extreme Makeover. Home Edition** *(5:26)*
**19.45** **Hart of Dixie** *(12:22)*
**20.25** **Pretty Little Liars** *(12:24)*
**21.10** **Þriðjudagsþátturinn með Frikka Dór**
**21.45** **Nikita** *(12:23)*
**22.25** **Justified** *(12:13)*
**23.10** **Arrow** *(6:23)*
**23.55** **Sleepy Hollow** *(1:13)*
**00.40** **Extreme Makeover. Home Edition**
**01.25** **Hart of Dixie**
**02.05** **Pretty Little Liars**
**02.50** **Þriðjudagsþátturinn með Frikka Dór**
**03.25** **Nikita**
**04.10** **Justified**
**04.55** **Tónlistarmyndbönd**

### KrakkaStöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.48** Latibær **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Ávaxtakarfan **09.35** Strumparnir **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.48** Latibær **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Ávaxtakarfan **13.35** Strumparnir **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto

**14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan

**16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.48** Latibær **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Ávaxtakarfan **17.35** Strumparnir **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.45** UKI **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Space Chimps 2 Zartog Strikes Back **20.15** Sögur fyrir svefninn

### 2 GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(6:24)*
**20.00** **Hamingjan sanna** *(7:8)*
**20.40** **Veggfóður** *(5:20)*
**21.20** **Nikolaj og Julie** *(11:22)*
**22.05** **Anna Pihl** *(1:10)*
**22.50** **Cold Feet** *(8:8)*
**23.40** **Prime Suspect 5**
**01.25** **Hamingjan sanna**
**02.05** **Veggfóður**
**02.45** **Nikolaj og Julie**
**03.30** **Anna Pihl**
**04.15** **Tónlistarmyndbönd**

### 2 BÍÓ

**09.35** **The Three Stooges**
**11.05** **Scent of a Woman**
**13.40** **Philadelphia**
**15.45** **The Three Stooges**
**17.20** **Scent of a Woman**
**19.55** **Philadelphia**
**22.00** **Harry Brown**
**23.45** **American Pie 2**
**01.35** **Pandorum**

### RÚV

**16.20** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10** **Úmísúmí**
**17.33** **Millý spyr**
**17.40** **Bombubyrgið**
**18.10** **Táknmálsfréttir**
**18.20** **Viðtalið** *(Sölvi Sveinsson skólastjóri)*
**18.45** **Íþróttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **360 gráður** Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni. Umsjónarmenn. Einar Örn Jónsson og Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson.
**20.40** **Hefnd** *(6:22) (Revenge III)* Bandarísk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til The Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmið að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar. Meðal leikenda eru Emily Van Camp og Max Martini.
**21.25** **Djöflaeyjan** Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Síðasta helgin** *(2:3) (The Last Weekend)* Hjónin Ian og Em dvelja um helgi á afskekktum stað í Austur-Anglíu í boði Ollies, gamals skólabróður Ians, og Daisy konu hans. Smám saman er ýmsu ljóstrað upp um fortíð Ians, gamlar erjur þeirra Ollies taka sig upp og það er mikil spenna í loftinu.
**23.10** **Innsæi** *(5P10) (Perception)*
**23.50** **Kastljós**
**00.20** **Fréttir**
**00.30** **Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr.Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**16.35** **Once Upon A Time**
**17.25** **Borð fyrir fimm**
**17.55** **Dr.Phil**
**18.35** **Save Me**
**19.00** **30 Rock** *(9:13)*
**19.30** **Cheers** *(18:26)*
**19.55** **America's Next Top Model** *(12:13)*
**20.40** **Necessary Roughness** *(2:10)* Vinsæl þáttaröð um sálfræðinginn Dani sem aðstoðar marga af bestu íþróttamönnum Bandaríkjanna þegar andlega hliðin er ekki alveg í lagi.
**21.30** **Sönn íslensk sakamál** *(6:8)*
**22.00** **Hannibal** *(11:13)* Allir þekkja Hannibal Lecter úr ódauðlegum bókum og kvikmyndum á borð við Red Dragon og Silence of the Lambs. Stórleikarinn Mads Mikkelsen fer með hlutverk fjöldamorðingjans, mannætunnar og geðlæknisins Hannibals en með önnur hlutverk fara Laurence Fishburne og Hugh Dancy.
**22.45** **CSI. New York** *(12:17)*
**23.35** **Scandal**
**00.25** **Necessary Roughness**
**01.15** **Hannibal**
**02.00** **Law & Order UK**
**02.50** **Excused**
**03.15** **Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.40** Golfing World **09.30** OHL Classic 2013**12.20** World Golf Championship 2013 **15.20** OHL Classic 2013 **18.15** Golfing World **19.05** OHL Classic 2013 **22.00** Golfing World **22.50** OHL Classic 2013 **01.50** Eurosport

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




## JÓLABAKKINN

Hamborgarhryggur og kartöflusalat / Jólasíldarsalat
Dönsk lifrarkæfa, sveppir og beikon.




## PEKING ÖND

Steikt Peking önd með Peking sósu, gúrkum, blaðlauk og salatblöndu í mjúkri tortilla köku.




## KÖKUBAKKINN

Eplakaka / Súkkulaðikaka / Gulrótarkaka.




## GAMLI GÓÐI

Hangikjöt, eggjasalat og fínt brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fínt brauð. Rækjusalat og fínt brauð.




## EÐALBAKKI

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fínt brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi, paprika, salatmix og kornbrauð.




## TORTILLA VEISLUBAKKI

Reykt skinka, egg, jöklasalat. Tikka masala kjúklingur, jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.




## TORTILLA OSTABAKKI

Spínat, rauðlaukur, fetaostur, lauksósa. Lúxusskinka, smurostur, salatmix. Reyktur lax, rjómaostur, salatmix.




## LÚXUSBAKKI

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fínt brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.




## TORTILLA HEILSUBAKKI

Heilhveititortilla, hummus, paprika, salatmix. Heilhveititortilla, reyktur lax, salatmix, rjómaostur. Tómattortilla, spínat, fetaostur, rauðlaukur, lauksósa.




## ÁVAXTABAKKI

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.




## DESERTBAKKI

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.



# PANTAÐU SÓMA VEISLUBAKKA Í SÍMA 565 6000 EÐA Á SOMI.IS

**Fyrir fimm eða fimmhundruð.**

Sóma veislubakkar eru tilvaldir í hvers konar veislur, t.d. í afmælisboðið, starfsmannapartíið eða hvenær sem fimm eða fleiri koma saman.

Pantanir þurfa að berast fyrir **kl. 15.30 daginn áður**, alla virka daga.
Pantaðu í síma **565 6000** eða á **somi.is**.

SÓMI

Gilsbúð 9, 210 Garðabæ,
sími, 565 6000, fax 565 6084,
somi@somi.is, www.somi.is

*Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

## DRYKKURINN



**Sódavatn. Þar sem mér hefur alltaf fundist venjulegt vatn mesti óþverri hefur það alveg bjargað lífi mínu að einhverjum snillingi datt í hug að bæta út í það kolsýru til að gera það drykkjarhæft. Á 7 mánaða ferðalagi um Afríku var þó ekki hlaupið að því að fá bólur í vatnið svo samfundirnir við Sodastream-tækið urðu þeim mun gleðilegri.**

Anna Bergljót Thorarensen, guðmóðir leikhópsins Lottu.

# Eins og að spila fótbolta með Maradona

Trommuleikarinn Steve Ferrone kom óvænt fram á Obladí. Hann hefur unnið með Eric Clapton og Duran Duran.

„Þetta var eins og að spila fótbolta með Maradona," segir tónlistar- og dagskrárgerðarmaðurinn Magnús Einarsson sem lék með einum þekktasta trommuleikara í heimi á skemmtistaðnum Obladí á sunnudagskvöldið. Trommuleikarinn heitir Steve Ferrone og hefur unnið með mörgum af þekktustu og ástsælustu tónlistarmönnum sögunnar, líkt og Eric Clapton, Michael Jackson, Tom Petty & the Heartbreakers og Duran Duran, ásamt mörgum fleirum.

„Hann er staddur hér á landi með hljómsveitinni The Straits sem komu fram í Hörpu í gærkvöldi. Við þekkjumst frá því ég bjó í Los Angeles og við erum góðir félagar," segir trommuleikarinn Karl Pétur Smith. Þeir félagar fóru saman á skemmtistaðinn Obladí þar sem Ferrone tók í settið með hljómsveit hússins. Ferrone lék nokkur lög með hljómsveitinni. „Við spiluðum ýmislegt, blús, lög eftir Rolling Stones og Bítlana svo fátt eitt sé nefnt. Það var svakalega gaman að spila með honum, þvílíkur spilari," segir Magnús.

Ferrone hefur komið fram á mörgum mjög þekktum tónleikum og ber þá helst að nefna órafmagnaða tónleika Eric Claptons þar sem lagið Tears in Heaven og Layla komu út í einstökum útgáfum. Að lokum segist Karl Pétur hafa dregið Ferrone á Hressó og hvatt hann til að bragða á íslenskri kjötsúpu. „Hann elskaði íslensku kjötsúpuna."

- glp



**GAMAN SAMAN** Steve Ferrone, Magnús Einarsson, Björgvin Gíslason og Pétur Sigurðsson leika hér saman.






**MÆÐGUR Í KAGGANUM** Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir sjónvarpskona ásamt dóttur sinni í Toyota Aygo-bifreið sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gaf brjóst á milli skota

Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir stýrir nýjum þætti á Stöð 2 og elskar móðurhlutverkið.

„Þetta er fyrsti sjónvarpsþátturinn sem ég tek þátt í, á eftir Íslandi í dag," segir sjónvarpskonan Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir en þáttur hennar, Á fullu gazi, er frumsýndur í kvöld á Stöð 2. Finnur Thorlacius hefur umsjón með þættinum, ásamt Sigríði Elvu.

Í þáttunum fengu Sigríður Elva og Finnur meðal annars að keyra flotta bíla líkt og Porsche Cayenne, Range Rover Evoque og Tesla-rafmagnsbíl. „Það er erfitt að fara af svona bíl eins og Range Rover og yfir á litla Toyota Aygo-bílinn minn."

Farið er yfir víðan völl í þáttunum og tekið á ýmsu sem tengist bílum og tækni. „Við förum í keppni um að búa til besta útilegubílinn, fengum bílhræ frá Vöku og fengum tvo sólarhringa til að gera það að sem bestum útilegubíl," útskýrir Sigríður Elva. Auk þess að búa til útilegubíl fer fram rallíkeppni, þar sem fræga fólkið keppir. „Það var mjög skemmtilegt en fólk blótar ómeðvitað svolítið mikið þegar það keyrir rallíbrautina," bætir Sigríður Elva við. Á meðal þátttakenda í rallíkeppninni eru Ásdís Rán Gunnarsdóttir fyrirsæta, Fjölnir Geir Bragason húðflúrari, Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður, Saga Garðarsdóttir leikkona og margir fleiri. „Svo heimsækjum við líka fólk sem á áhugaverða bíla, prufukeyrum þá og skoðum þá hátt og lágt."

Lítið var um óhöpp við gerð þáttanna. „Þetta fór allt saman vel fram. Það var þó einhver smásprenging sem heppnaðist svo vel að löggan kom á staðinn en engin slys urðu á fólki."

Sigríður Elva er nýbökuð móðir en hún eignaðist dóttur í lok apríl með unnusta sínum, Teiti Þorkelssyni. „Ég ætlaði nú aldrei að eignast börn en það hefur svo sannarlega breyst, ég elska móðurhlutverkið, það er best í heimi," segir Sigríður Elva. Litla telpan fékk að vera á setti ansi mikið en Sigríður Elva var með hana á brjósti við tökur. „Ætli það hafi ekki verið mesta vesenið að hafa krakka á kantinum. Ég þurfti að gefa henni að drekka á milli skota og svo skiptust Kalli pródúser og Finnur á að passa hana. Hún á pottþétt eftir að verða tækjastelpa því hún brosti ávallt mikið þegar hún sá torfærubílana og öll tryllitækin," bætir Sigríður Elva við létt í lundu.

Sjálf segist hún töluverðan áhuga á bílum en sé þó ekki bílanörd. „Ég hef gaman af öllu sem fer hratt og er vélknúið en finnst samt Formúla 1 vera rosalega leiðinlegt sjónvarpsefni."

Þegar tökum lýkur á þáttunum hyggst Sigríður Elva fara í ferðlag með fjölskyldu sinni. „Mig langar að komast í sól því ég eyddi fæðingarorlofinu mínu í versta sumri Íslandssögunnar," segir Sigríður Elva.

- gunnarleo@frettabladid.is



**BARNAPÍURNAR** Bogi Reynisson hljóðmaður, Karl Ágúst Guðmundsson, leikstjóri og framleiðandi, og Kristinn Þeyr Magnússon myndatökumaður annast hér litlu telpuna á meðan mamman vinnur.



**Í TORFÆRUBÍLNUM** Mæðgurnar láta fara vel um sig í torfærubílnum.



**BARN Á BRJÓSTI** Sigríður Elva var með dóttur sína á brjósti við tökur á þáttunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
LJÚFFENG OG RJÚKANDI
BEINT ÚR OFNI
SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Flykkjast í jóga

Jógakennarinn og förðunarartistinn **Steinunn Þórðardóttir** byrjaði nýverið með jógakennslu í Mjölni. Jógatímarnir hafa vakið mikla lukku hjá þeim sem æfa bardagaíþróttir hjá íþróttafélaginu og flykkjast meðlimir félagsins í tíma hjá Steinunni. Henni er margt til lista lagt og hefur hún meðal annars unnið við förðun í sumum helstu bíómyndum og sjónvarpsþáttaseríum landsins, þar á meðal í Svartur á leik, Spaugstofunni og Makalaus. **- glp**



### Efnileg söngkona

Bassaleikarinn knái **Logi Unnarsson** í Retro Stefson er byrjaður í nýju hliðarverkefni. Það er hljómsveitin The Highlands, sem hann stofnaði með hinni ungu og efnilegu Karin Sveinsdóttur. Logi sá Karin syngja í söngkeppni nýlega og bauð henni í kjölfarið til samstarfs. Karin þessi er greinilega af músíkölsku fólki komin enda er bróðir hennar, Gauti Þeyr, betur þekktur sem Emmsjé Gauti, vinsæll tónlistarmaður og rappari. **-aó**



## Mest lesið vísir

1 Máttu ekki borga pabba og mömmu
2 Jón Gnarr vill nýtt ríkisfang
3 Actavis tekur hóstasaft af markaði vegna misnotkunar
4 Gámabíll vó salt á gilbrún
5 Póstburðarmaður skotinn til bana í Bandaríkjunum
6 Plain Vanilla í viðræðum við fjárfesta í San Francisco





